

Umsagnir og svör vegna umhverfismatsskýrslu vegna stækkunar á landeldisstöð Laxeyjar í Vestmannaeyjum – 42.000 tonna eldi á ári.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Náttúrufræðistofnun, dags. 12.05.26	
1.1	„Framkvæmdasvæðið er að nær öllu leyti á röskuðu svæði þar sem efnistaka hefur verið stunduð um nokkurt skeið úr eldhrauni sem rann til sjávar í gosinu 1973. Svæðið er umkringgt merkilegum jarðminjum sem hafa hátt verndargildi og landslag er að mörgu leyti einstakt héraðs enda fáir staðir þar sem jafn nýleg hraun hafa flætt til sjávar. Þó svæðið sé raskað þá er efnistaka að mörgu leyti mun minna inngríp hvað varðar ákveðna náttúrufarsþætti eins og áskýnd, landslag, útivistargildi og jafnvel fuglalíf heldur en stórfelld uppbygging mannvirkja líkt og fylgir áætluðu fiskeldi. Möguleikar til endurheimtar t.d. á gróðri og dýralífi er einnig meiri á efnistökusvæði en á uppbyggingarsvæði. Taka þarf tillit til þessa eðlismunar á verðandi notkun svæðisins og þeirri breytingu sem verður á umhverfinu.“	Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu mun nær öll uppbygging í tengslum við stækkunina fara fram innan þess svæðis sem þegar hefur verið raskað í tengslum við núverandi skipulag á svæðinu. Í fyrri umhverfismati í tengslum við framkvæmdina var fjallað um umhverfisáhrif sem fylgdu beinu raski fyrirhugaðra framkvæmda. Með tilliti til þess að framkvæmdir eru þegar hafnar á því svæði sem er til umfjöllunar umhverfismatsskýrslunni, telur framkvæmdaraðili að fyrirhuguð stækkun muni ekki hafa veruleg áhrif á möguleika svæðisins til endurheimtar á gróðri og dýralífi. Hvað varðar þann hluta umsagnarinnar sem snýr að fuglalífi, áskýnd og landslags og jarðmyndunum, þá vísar framkvæmdaraðili í kafla 5.3, 5.6 og 5.7 í umhverfismatsskýrslu. Hvað varðar þann hluta umsagnar sem snýr að útivistargildi svæðisins, þá bendir framkvæmdaraðili á að í fyrri umhverfismati vegna áforma Laxeyjar í Viðlagafjöru var lagt mat á áhrif framkvæmdar á útivist. Áform um stækkun stöðvarinnar er talin hafa óverulega áhrif á umhverfisþáttinn, umfram það sem var til umfjöllunar í fyrri umhverfismati.
1.2	„Ljóst er að bæði stækkun fiskeldisins og seiðaeldi á nýjum stað munu þrengja að svæðum sem eru á náttúruminjasrá og hverfisvernduð, þetta á sérstaklega við hverfisverndarsvæði HV-6 (Þorbjörn) og HV27 (Urðarviti)“	Í fyrri umhverfismati framkvæmdaraðila var fjallað um áhrif framkvæmdar á verndarsvæði og var mat framkvæmdaraðila að áformin myndu hafa óverulega neikvæð áhrif á verndargildi í nágrenni framkvæmdarsvæðisins. Fyrirhuguð stækkun mun að mestu vera innan þess svæðis sem þá var til umfjöllunar og telur framkvæmdaraðili að stækkunin muni ekki hafa frekari áhrif á verndargildi svæðanna.

1.3	„Fram kemur í skýrslunni að þar sem öll ker Laxeyjar verði yfirbyggð muni lýsing ekki hafa áhrif á fuglalíf. Náttúrufræðistofnun bendir á að í Vestmannaeyjum eru stærstu lundavörp landsins og eina varpsvæði skrofu á Íslandi og eru stærstu vörp skrofu í nágrenni við framkvæmdasvæðið, þ.e. í Ystakletti, Elliðaey og Bjarnarey. Þá eru stór vörp bæði sjósvölu og stormsvölu í Elliðaey og Bjarnarey. Þekkt er að ungar allra þessara tegunda eiga það til að fljúga í átt að ljósum í stað þess að fljúga til hafs og því þarf að halda ljósmengun í lágmarki. Þó kerin verði yfirbyggð getur önnur lýsing á svæðinu orðið til þess að ungar lendi í hrakningum. Í Vestmannaeyjum er löng hefð fyrir því að almenningur komi fuglum til bjargar á ungatíma en þar sem fiskeldissvæðið verður ekki opið almenningi er mikilvægt að svæðið verði vaktað frá ágúst byrjun og út nóvember, og þeim fuglum sem fljúga inn á svæðið verði komið til sjávar. Þá þarf einnig að vakta annað fuglalíf reglulega á svæðinu því fiskeldi getur laðað að fugla, einkum máfa en einnig aðrar tegundir. Gæta skal þess að aðgerðir sem miðast að því að fæla burt fugla valdi þeim ekki skaða.“	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessu hluta umsagnarinnar og verður áhersla lögð á það að vakta og aðstoða fugla sem kunna að fljúga inn á svæðið á leið sinni til sjávar. Fyrirtækið hefur síðust 3 árin dregið úr notkun ljósa yfir tímabil þar sem lunda -pysjur fara úr holum og taka flugið til sjávar. Þá tekur framkvæmdaraðili einnig undir með þeim hluta umsagnarinnar að mikilvægt sé að gæta þess að mögulegar mótvægisáðgerðir skaði ekki fugla við svæðið.
2	Fiskistofa, 18.5.26	
2.1	„Með tölvupósti úr Skipulagsgátt þann 9. apríl 2026 leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi fram lagða umhverfismatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar stækkunar landeldisstöðvar í Vestmannaeyjum, mál nr. 0486/2025. Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna fiskeldisstarfsemi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum af því ef fiskar sleppa frá fiskeldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra. Ef fiskar sleppa úr fiskeldisstöð geta þeir valdið neikvæðum vistfræðilegum áhrifum á ef þeir berast í veiðivötn. Það er því	Framkvæmdaraðili telur þennan hluta umsagnarinnar vera í samræmi við það sem fram kemur í umhverfismatsskýrslu og tekur undir með Fiskistofu.

	<i>mikilvægt að hugað verði sérstaklega að því að affall frá stöðinni sé útbúið á þann hátt að líkur á því að fiskar sleppi séu litlar. Fram kemur í matskýrslunni að búast verði við því að fiskar geti sloppið frá stöðinni og landdisstöðvum almennt og tilgreinar mögulegar leiðir til að varna því að slík slys verði og hvernig bregðast megi við ef fiskar sleppa. Í skýrslunni kemur fram að stuðst verði við tvöfalda/prefalda vörn gegn slysasleppingum frá stöðinni, annars vegar stálristar í eldiskörum/tromlu eða diskasíur og hins vegar fiskilgildru í frárennsli stöðvar. Körfu verði komið fyrir í hjáveitubrunni til að hindra varanlega að fiskur fari fram hjá tromlusíu. Síur/grindur á niðurföllum verði með nógu litlum möskva á viðeigandi stöðum. Skynjarar og myndavélar verða til staðar sem nema hættuástand og loka kerfum þegar hætta er á að kerfi farið á yfirfall. Jafnframt því er tilgreint að viðbragðsáætlun verði unnin og kynnt starfsmönnum stöðvarinnar. Því telur Fiskistofa að litlar líkur séu á því að fiskar muni berst frá stöðinni í náttúruleg vistkerfi laxfiska.“</i>	
2.2	<i>„Í kafla 5.4.1 eru tilgreind þau lög sem geta átt við. Fiskistofa telur rétt að tilgreina þar einnig lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessum hluta umsagnarinnar telur að umrædd lög eigi við.
2.3	<i>„Í kafla 5.4.4. er að finna eftirfarandi staðhæfingu: „Enn sem komið er eru áhrif erfðablöndunar ekki mælanleg í íslenskum ám“. Það er ekki rétt og vísar Fiskistofa t.d. á skýrslu Hafrannsóknastofnunar um vöktun áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxastofna 2024.“</i>	Í umræddri skýrslu, sem sýnir niðurstöður vöktunar vegna áhrifa sjókvíaeldis á íslenska laxstofna 2024, kemur fram að vart hafi orðið við erfðablöndun laxfiska í íslenskum ám. Framkvæmdaraðili tekur hættu á slysasleppingum alvarlega og telur efni og niðurstöður skýrslunnar ýta undir mikilvægi þess að vel sé gætt að vörnum gegn slysasleppingum. Framkvæmdaraðili telur þó að skýrsla Hafrannsóknarstofnunar hafi ekki áhrif á niðurstöður framkvæmdaraðila um áhrif á umhverfispáttinn.
2.4	<i>„Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hætta á að smit berist í villta stofna og hægt að bregðast við ef sjúkdómar koma upp í eldisstöðinni og varna því að smit berist frá stöðinni.“</i>	Framkvæmdaraðili telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast viðbragða.

3	Náttúruverndarstofnun, 19.05.26	
3.1	„Framkvæmdarlýsing Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Laxey hf. áformi að stækka núverandi landeldisstöð sína við Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum og sækja um leyfi fyrir allt að 42.000 tonna ársframleiðslu laxfiska. Núverandi rekstrarleyfi heimilar allt að 7.000 tonna hámarks lífmassa en eftir stækkun er gert ráð fyrir að hámarks lífmassi í stöðinni verði allt að 22.000 tonn í fullum rekstri. Jafnframt eru áform um að reisa nýja seiðaeldisstöð á athafnasvæðinu við Viðlagafjöru þar sem hámarks lífmassi verður allt að 800 tonn. Þá kemur fram í skýrslunni að framkvæmdin verði byggð upp í áföngum og að áætluð vatnspörf framkvæmdarinnar verði um 28 m³/sek af jarðsjó. Náttúruverndarstofnun bendir á að í umsögn stofnunarinnar við matsáætlun framkvæmdarinnar var ranglega vísað til svæðis nr. 235 á náttúruminjaskrá, en framkvæmdarsvæðið er samkvæmt umhverfismatsskýrslu innan svæðis nr. 723, Helgafells og Eldfells“	Framkvæmdarsvæðið er innan svæðis nr. 723 á náttúruminjaskrá, Helgafells og Eldfells, og verður sú afmörkun notuð í áframhaldandi umfjöllun um framkvæmdina, áhrif hennar og leyfisveitingar.
3.2	„Náttúruminjaskrá Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé innan svæðis á náttúruminjaskrá nr. 723, Helgafells og Eldfells. Svæðinu er lýst sem stórfenglegu landslagi með sérstakt fræðslugildi um myndun og mótun lands. Náttúruverndarstofnun bendir á að skráning svæðisins á náttúruminjaskrá endurspegli sérstakt verndargildi þess á landsvísu. Náttúruverndarstofnun telur að svæði á náttúruminjaskrá eigi að vera sér umhverfisþáttur í umhverfismati vegna þess verndargildis sem skráningin byggir á. Verndargildi svæðisins byggir meðal annars á landslagsheild, eldfjöllunum, hrauninu og jarðsögulegu gildi svæðisins. Náttúruverndarstofnun bendir á að þótt svæðið hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku	Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd og er það mat framkvæmdaraðila að fyrirhuguð stækkun muni hafa nokkuð neikvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Við mat á áhrifum á umhverfisþáttinn voru lög um náttúruvernd nr. 60/2013 meðal viðmiða við mat á áhrifum og í niðurstöðum er tillit tekið til þess að áhrifa gæti á svæðum sem njóta verndar, m.a. vegna landslags og ásýndar. Í fyrra umhverfismati Laxeyjar var fjallað um áhrif framkvæmdar á jarðmyndanir og verndarsvæði og var niðurstaða framkvæmdaraðila að framkvæmdir kæmu til með að valda óverulegu neikvæðum áhrifum á umhverfisþáttinn. Í ljósi þess að fyrirhuguð stækkun kemur til með að vera að mestu leyti innan þess svæðis sem var til umfjöllunar í fyrra umhverfismati, telur

	<i>hefði vandaður frágangur svæðisins getað dregið úr áhrifum á landslag og ásynd³, en umfangsmikil og varanleg uppbygging mannvirkja á svæðinu festir í sessi breytta ásynd og landnotkun til lengri tíma. Að mati Náttúruverndarstofnunar geta umfangsmikil mannvirki og frekara rask innan svæðisins haft neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins, sérstaklega með tilliti til landslags og ásyndar.</i> <i>Niðurstaða framkvæmdaraðila í umhverfismatsskýrslunni er að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd séu talin nokkuð neikvæð. Stofnunin telur því mikilvægt að við áframhaldandi hönnun, framkvæmdir og leyfisveitingar verði lögð áhersla á að lágmarka rask og sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og að frágangur taki mið af verndargildi og sérstöðu svæðisins.“</i>	framkvæmdaðili að fyrirhuguð stækkun muni ekki valda áhrifum á verndargildi svæðisins umfram það sem fram kom í fyrra umhverfismatsferli. Með tilliti til þessa var umhverfisþátturinn <i>verndarsvæði</i> vinsaður frá í matsáætlun og ekki gerð krafa um frekari umfjöllun í áliti HMS (áður Skipulagsstofnun) við matsáætlun. Í áliti stofnunar segir þá m.a. „Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í fyrra umhverfismati hafi verið fjallað um áhrif framkvæmdanna á jarðmyndanir og verndarsvæði. Framkvæmdaraðili telji stækkun stöðvarinnar ekki vera þess eðlis að hún muni hafa veruleg áhrif á umhverfisþættina. Frekari umfjöllun muni ekki verða til þess að hægt verði að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmdanna, þar sem ljóst sé að ekki verði frekara rask á hrauni. Skipulagsstofnun tekur undir með framkvæmdaraðila að ekki sé þörf á frekari umfjöllun um jarðmyndanir og verndarsvæði en minnir á að horfa þurfi til verndarsvæða og forsendu verndar þeirra þegar áhrif á landslag eru metin.“
3.3	„Hraun <i>Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að framkvæmdarsvæðið sé umlukið eldhrauni frá gosinu árið 1973 sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að framkvæmdir muni valda beinu og varanlegu raski á hluta hraunsins en að raskið verði staðbundið og taki til lítils hluta af heildarþekju hraunsins á svæðinu. Framkvæmdaraðili telur áhrif framkvæmdarinnar á jarðmyndanir því vera óverulega neikvæð og tekur Náttúruverndarstofnun undir það. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu</i>	Því hefur verið lýst í umhverfismatsskýrslu að rask á hrauni verði beint en staðbundið og taki til takmarkaðs hluta þess hrauns sem nýtur verndar á svæðinu. Við áframhaldandi hönnun verður áfram unnið eftir þeirri meginreglu að halda röskun í lágmarki, afmarka framkvæmdasvæði eins þröngt og unnt er og skýra betur í leyfisgögnum hvaða valkostir við útfærslu hafa verið skoðaðir og hvers vegna valin lausn er talin raunhæfust.

	„brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um náttúrufyrirbærin í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á náttúrufyrirbærunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun, tilgreina hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæti röskunina og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.“	
3.4	„Framkvæmdarleyfi Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal lítið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.	Sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framkvæmdum og verður það gert í samræmi við gildandi lög og reglur í landinu.

	<i>Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.“</i>	
3.5	„Landslag og ásynd <i>Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd séu talin nokkuð neikvæð, meðal annars vegna umfangs mannvirkja og samlegðaráhrifa með öðrum mannvirkjum á svæðinu. Jafnframt kemur fram að áhrifanna muni gæta á svæðum sem njóta hverfisverndar vegna landslags og ásyndar.</i> <i>Náttúruverndarstofnun tekur undir að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á landslag og ásynd svæðisins. Stofnunin bendir á að samkvæmt 1. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd sé það markmið laganna að vernda til framtíðar meðal annars fjölbreytni landslags og að samkvæmt 3. gr. laganna skuli stefnt að því að varðveita landslag sem er sérstætt, fágætt eða hefur sérstakt fagurfræðilegt og menningarlegt gildi.</i> <i>Náttúruverndarstofnun bendir á að verndargildi svæðisins byggji meðal annars á eldfjallalandslagi, hraunmyndunum og sterkum jarðsögulegum einkennum sem tengjast Helgafelli, Eldfelli og hrauninu frá árinu 1973. Landslag svæðisins mótast bæði af náttúrulegum þáttum og þeirri manngerðu starfsemi sem þegar hefur átt sér stað á svæðinu.</i> <i>Þótt svæðið hafi þegar orðið fyrir raski vegna efnistöku og annarrar starfsemi hefði vandaður frágangur svæðisins getað dregið úr áhrifum á landslag og ásynd, en umfangsmikil og varanleg uppbygging mannvirkja á svæðinu festir breytta ásynd og landnotkun í sessi til lengri tíma. Að mati Náttúruverndarstofnunar geta umfangsmikil mannvirki og frekara rask innan svæðisins haft</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessum hluta umsagnarinnar. Við áframhaldandi hönnun og framkvæmdir verður áhersla lögð á að varðveita verndargildi nærumhverfisins, draga úr neikvæðum áhrifum ásyndar eins og kostur er og að allur frágangur sé til fyrirmyndar.

	neikvæð áhrif á landslagsheild, sjónræna upplifun og þau gildi sem skráning svæðisins á náttúru-minjaskrá byggir á. Stofnunin telur því mikilvægt að við áframhaldandi hönnun, framkvæmdir og leyfisveitingar verði lögð áhersla á að lágmarka sjónræn áhrif framkvæmdarinnar eins og kostur er og að frágangur taki mið af verndargildi og sérstöðu svæðisins.“	
3.6	„Fuglalíf Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um möguleg áhrif fráveitu vegna losunar á næringarefnum sem gæti haft áhrif á fuglalíf. Þar kemur meðal annars fram að aukið framboð næringarefna og lífrænna efna geti haft áhrif á fæðuframboð fugla og þar með haft áhrif á fuglasamfélag, bæði með jákvæðum og neikvæðum hætti. Náttúruverndarstofnun telur jákvætt að í umhverfismatsskýrslu sé fjallað um möguleg tengsl milli fráveitu og fuglalífs. Að mati stofnunarinnar byggir umfjöllunin þó að mestu á almennri lýsingu á því hvernig fráveita frá fiskeldi geta almennt haft áhrif á fuglalíf. Auk þess er fjallað lítið um staðbundnar aðstæður á áhrifasvæði framkvæmdarinnar, þar á meðal hvaða fuglategundir gætu orðið fyrir áhrifum, hvernig breytingar á fæðuframboði getur orðið og hvort aukin ásókn, svo sem máfugla, gætu haft áhrif á varp og varpárangur annarra tegunda og hvaða áhrif þetta gæti haft á fuglalífið á svæðinu. Þá er takmarkað fjallað um möguleg áhrif á fuglategundir sem hafa hátt verndargildi í Vestmannaeyjum. Stofnunin bendir á að Vestmannaeyjar eru mikilvægt fuglasvæði á lands- og alþjóðavísu og þar er að finna fuglategundir sem hafa hátt verndargildi. Náttúruverndarstofnun telur því mikilvægt að við útgáfu starfsleyfis verði sérstaklega hugað að vöktun á mögulegum áhrifum starfseminnar á fuglalíf, meðal annars með tilliti til breytinga á ásókn fugla að svæðinu vegna næringarefnalosunar og aukinnar starfsemi. Í umsögn sinni á fyrri stigum málsins (sem vísað er til hér í inngangi) benti stofnunin á mögulega áhrif ljósmengunar framkvæmdarinnar á	Í álitinu við matsáætlun framkvæmdar kemur m.a. eftirfarandi fram: Í umsögnum Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar kemur fram að mikilvægt sé að fjallað verði um áhrif eldisins á fuglalíf og að framkvæmdasvæðið og jaðarsvæði þess verði kortlagt, fjallað verði um hversu mikið af búsvæðum fugla muni tapast og hvaða leiðir verði farnar til að draga úr neikvæðum áhrifum á búsvæði fuglanna. Stækkun landeldisstöðvarinnar og aukin umsvif hennar leiði af sér aukna umferð, hávaða- og ljósmengun sem allt geti haft áhrif á fuglalíf þó beint búsvæðatap sé lítið. Einnig þurfi að athuga hvort að framkvæmdin fæli fugla frá svæðinu og valdi hindrunum á farleiðum og flugi fugla sem sækir æti í sjó. Fyrirhuguð framkvæmd sé innan mikilvægs fuglasvæðis og við kjörvistgerðir fyrir fugla sem séu ábyrgðartegundir Íslands og sem hafi fækkað mikið á síðustu árum og því sé mikilvægt að hvorki fráveita né úrgangsmeðhöndlun laði að hræ- eða alætur líkt og máfugla sem hafi mikil áhrif á varp, fæðukeðju og vistkerfi í heild. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að auk þess að fylgst verði vel með áhrifum á lundapysjur þurfi einnig að huga vel að skrofum og svölum. Í Vestmannaeyjum séu stærstu lundavörp landsins og eina varpsvæði skrofu á Íslandi og séu stærstu vörpin í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Þekkt sé að ungar allra þessara tegunda eigi það til að glepjast af ljósum og lenda í hrakningum og því þurfi að halda ljósmengun í lágmarki. Þá sé æskilegt að svæðið verði vaktað á ungatíma, frá ágúst byrjun og út nóvember, og þeim ungum sem fljúga inn á svæðið verði komið til sjávar.

	fuglalíf, sér í lagi aðdráttarafl ljóssins á lundapysjur og aðra unga sjófugla (eins og skrofa og sjósvala). Æskileg mótvægisaðgerð vegna þessa væri að setja upp vöktunaráætlun sem væri í gildi á þeim tíma sem ungar þessara tegunda eru að halda út á sjó með það að markmiði að finna þá fugal sem gætu hafa týnst og í framhaldi af því að koma þeim aftur til sjávar. Vöktunaráætlunin gæti verið unnið í samstarfi við Náttúrustofu Suðurlands og/eða Náttúrufræðistofnun.	Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að nokkur búsvæðaeýðing komi til með að verða sökum stækkunar stöðvarinnar þar sem öll uppbygging muni fara fram á svæði sem þegar sé raskað. Öll ker verði yfirbyggð og því lítil ljósmengun sem stafi af framkvæmdunum. Fuglalíf sé fáskrúðugt á framkvæmdasvæðinu og telur framkvæmdaraðili áhrif umferðar, hljóðvistar og ljósmengunar vera hverfandi. Í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um líkleg áhrif framkvæmdanna á fuglalíf. Umfjöllun muni byggja á fyrirliggjandi gögnum um grunnástand fugla í og við Vestmannaeyjar og Viðlagafjöru. Fjallað verði um það hvort líklegt sé að fráveita muni hafa áhrif á fuglalíf og mótvægisaðgerðir lagðar fram, ef þörf verði á. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða umfjöllun og aðferðir við mat á áhrifum á fuglalíf, eins og þeim er lýst í svörum Laxey hf. við umsögnum Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar og Umhverfis- og orkustofnunar. Framkvæmdaraðili telur umfjöllun um áhrif framkvæmdar á fugla vera í samræmi það sem á var fallist í álit Skipulagsstofnunar við matsáætlun. Varðandi þann hluta sem snýr að áhrifum ljósa á fugla, þá verður áhersla lögð á það að vakta og aðstoða fugla til sjávar sem kunna að villast innan framkvæmdarsvæðisins. Framkvæmdaraðili hefur síðust 3 árin dregið úr notkun ljósa yfir tímabil þar sem lunda -pysjur fara úr holum og taka flugið til sjávar.
3.7	„Meðhöndlun úrgangs Náttúruverndarstofnun bendir á að þrátt fyrir að í umhverfismatsskýrslu sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri þurrkun og nýtingu seyru liggur ekki fyrir hvar eða með hvaða hætti hvar efninu verði komið fyrir (bls. 44). Að mati stofnunarinnar getur nýting á svona miklu magni á lífrænum úrgangi haft áhrif og hefði því átt að vera hluti af umhverfismatinu.	Rétt er að endanleg ráðstöfun seyru liggur ekki fyrir með þeirri nákvæmni sem Náttúruverndarstofnun kallar eftir. Umhverfismatið fjallar því um meðhöndlun og magn seyru innan framkvæmdarinnar, en ekki um tiltekinn endanlegan nýtingarstað utan hennar, enda hefur ekki verið tekin bindandi ákvörðun um slíka ráðstöfun. Framkvæmdaraðili telur því ekki tilefni til að líta svo á að umhverfismatið sé áfátt af þeirri ástæðu einni. Ef síðar verður ákveðið að ráðstafa eða nýta seyru með þeim hætti að það feli í sér sjálfstæða framkvæmd,

	<i>Náttúruverndarstofnun telur mikilvægt að slík nýting taki mið af áhrifum á náttúru, fuglalíf, vatnsgæði og viðkvæm vistkerfi.“</i>	sérstaka staðsetningu eða önnur umhverfisáhrif umfram það sem nú hefur verið metið, verður sú ráðstöfun tekin til sérstakrar skoðunar og eftir atvikum háð leyfum eða frekara mati samkvæmt gildandi reglum.
4	Matvælastofnun, 20.5.26	
4.1	<i>„Matvælastofnun gerði athugasemdir við matsáætlun framkvæmdaraðila sem hefur að mestu verið brugðist við í umhverfismatsskýrslu. Matvælastofnun hefur farið yfir umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila og hefur eftirfarandi athugasemdir. Í kafla 3.4.6 er umfjöllun um seyru og vísað í frekari umfjöllun í kafla 3.9. Matvælastofnun vil benda á að vinnsla og meðhöndlun fiskimykju og annar úrgangs frá eldinu er leyfisskilt.“</i>	Gert verður ráð fyrir að slík starfsemi fari ekki fram nema að undangengnum leyfum og í samræmi við gildandi laga- og reglugerðarkröfur, þ.m.t. reglur sem lúta að aukaafurðum dýra og eftirliti Matvælastofnunar.
4.2	<i>„Í kafla 3.4.9 er fjallað um fyrirhugaða seiðaeldisstöð. Að mati Matvælastofnunar þarf að gera grein fyrir hver meðhöndlun á bæjarvatni verður ef til þess kemur að það verði notað. Horfa verði þar til sjúkdóma- og smitvarna.“</i>	Við frekari hönnun og leyfisumsóknir verður gerð grein fyrir fyrirkomulagi vatnstöku, meðhöndlun vatns og þeim smit- og sjúkdómavörnum sem nauðsynlegar eru með hliðsjón af uppruna vatns, notkun þess í eldi og kröfum lögbundins eftirlits. Allt inntaksvatn frá bæjarveitu er geislað með skammti sem er >300 mJ/cm ² sem er nægt til að drepa allar örverur. Vatnsveita Vestmannaeyja gerir árlega rannsóknir og örverumælingar sem gefa þó til kynna mjög mikinn hreinleika á vatninu og lága áhættu á smiti. Allt vatn sem er framleitt með RO síum úr borholusjó er geislað og síað að svo miklu leiti að útilokað er að nokkur örvera geti lifað af meðferðina
4.3	<i>„Í kafla 3.5 er umfjöllun um eldisáætlun og líffræðilega rekstrarþætti. Að mati Matvælastofnunar er mikilvægt að gera frekari grein fyrir fóðri í gegn um eldisferilinn, hvernig hlutföll þurrefnis í fóðri skiptist eða skilar sér í eldisafurðir, slóg, haus/hrygg, fiskimykju og losun með fráveitu út í umhverfið. Þannig sé gerð betri grein fyrir heildstæðri losun frá eldinu og ætti að vera í grunntölum fyrir reksturinn.“</i>	Framkvæmdaraðili vitnar til ritrýndrar greinar “Discharge of nutrient wastes from salmon farms: environmental effects and potential for multi-trophic aquaculture” eftir Wang et al. Í þeirri grein er lýst mismunandi leiðum sem frumefnin í fóðrinu fara áfram sem ýmist: fiskur, skítur, föst efni í fráveitu og uppleyst efni í fráveitu. Samkvæmt greininni er fyrir kolefni (C) um 30% sem breytist í lax, 48% sem verður að uppleystu kolefni á forminu koltvísýring og afgangurinn verður að

	<i>Misræmi er milli umhverfismatsskýrslu og viðauka C um mat á dreifingu frárennslisefna. Í umhverfismatsskýrslu er miðað við 47.000 tonn af fóðri en mati Vatnaskila er miðað við 46.000 tonn.“</i>	föstu efni 22%. Fyrir köfnunarefni (N) eru hlutföllin 38% lax, 48% uppleyst aðallega sem ammonium (NH₄⁺) og 18% sem föst efni í fráveitu. Framkvæmdaraðili notast við síur til að hreinsa fráveitu og reiknar með um 50% heimtur á að sía burt fasta efnið til áframvinnslu en reiknað er með að framleiða um 4.700 tonn af þurrkuðum skít árlega þegar fyrirtækið verður komið í fulla framleiðslu. Fyrir hvert kg af fiski sem er framleitt er slægingarstuðull um 0.84 sem gefur til kynna 16% rýrnun frá byrjun sveltis fyrir slátrun og að tilbúinni vöru. Reynsla fyrirtækisins er að slóg er um 10% af þyngd lifandi fisks, blóð er um 2% og síðustu 3-4% eru þá rýrnun fisksins á meðan á selti stendur fyrir slátrun. Við slátrun er eingöngu slóg fjarlægt og er vinnsla fisksins í flök og aðrar afurðir til umfjöllunar í seinni leyfisumsóknum óháð umhverfismatinu, og óvíst hvort eða hvenær fyrirtækið fer í þá framleiðslu. Heildarmyndin er sú að þriðjungur frumefnanna verður að fiski og megnið af fráveitunni fer sem uppleyst en ekki föst efni frá stöðinni á meðan framkvæmdaraðili ráðgerir að fanga föst efni eins og hægt er áður en fráveita fer í útfall. Framkvæmdaraðili afsakar misræmi. Miðað er við að fóðurnotkun verði 46.000 tonn/ári.
4.4	<i>„Í kafla 3.6 og 5.1 er fjallað um vatnstöku og jarðsjó. Í ljósi þeirrar reynslu sem komin er á eldið hjá Laxey í Viðlagafjöru telur Matvælastofnun að endurskoða þurfi þá fyrirætlun rekstraraðila að ætla ekki að UV-geisla jarðsjóinn. Tengja verður þá umfjöllun við kafla 3.11 um sjúkdómavarnir, lyfja- og efnanotkun. Reiknað er með að framleiða allt að 4.000 m³ af ferskvatni á dag. Um er að ræða mjög mikið magn og þarf að mati Matvælastofnunar að setja það í samhengi við orkunotkun sem áætluð er í slíka framleiðslu.“</i>	Það er komin áratuga reynsla á notkun borholusjávar á Íslandi og Laxey hefur gert ítarlegar rannsóknir á jarðsjónum sem hafa gefið til kynna að sáralítið lífrænt innihald er í vatninu og ekkert sem ber vitni um að fiskisjúkdómar séu í inntaksvatninu. Þetta styður ákvörðun rekstraraðila sem hefur bæði leitað eftir fiskisjúkdómum með PCR en einnig heildargreiningu á lífmengi inntakssjávarins (e: metagenomic analysis). Félagið hefur nú þegar rekið fiskeldi í Viðlagafjöru í 20 mánuði án þess að sjá nein merki um að þessi grunnforsenda sé í ólagi með fiskiheilsustöðu sem er með allra besta móti skv. Mati færustu dýralækna í iðnaðinum. Notkun á raforku í Viðlagafjöru fyrir fiskeldið er mjög há (20-30MW í heild) og er framleiðsla á ferskvatni úr sjó eingöngu um 2,5kWh / m³ vatns framleitt. Þannig að væri búnaðurinn í fullri notkun (sem er ekki

		reiknað með að þurfi nema öðru hvoru til að fylla á birgðatank) þá væri heildarnotkun 10.000 kWh á dag eða um 420kW sem er um 2% aukning miðað við 20MW notkun á svæðinu. Valinn hefur verið búnaður sem hefur umframframleiðslugetu til að tryggja framkvæmdaraðila gegn bilunum en reiknað er með að vatnsnotkun verði mun minni. Undangengnar tölur miða við að búnaðurinn sé alltaf í gangi en líklegra er að það verði um 50% tímanýting á honum.
4.5	„Í kafla 3.8 er fjallað um sláturúrgang og einnig vísað til stáltanka fyrir fiskúrgang frá slátrun í kafla 3.4.5. Að mati Matvælastofnunar þarf að gera betur grein fyrir því magni sem reiknað er með að falli til við slátrun. Matvælastofnun vil benda á að skv. löggjöf um aukaafurðir dýra, er blóðvatn skilgreint sem aukaafurð dýra. Óheimilt er að farga aukaafurðir dýra nema skv. viðurkenndri vinnsluaðferð. Grófhreinsun og dauðhreinsun á skiljuvatni fullnægir ekki kröfum laga um aukaafurðir dýra m.t.t. vinnslu. Matvælastofnun vil benda á að sú vinnsla og meðhöndlun sem lýst er í þessum kafla og kafla 3.9 er leyfisskyld starfsemi“.	Við slátrun á 112.500 kg af (LW) laxi, sem samsvarar sirka áætlaðri dagsframleiðslu í framtíðarhúsnæði, er gert ráð fyrir um 10% slóghlutfalli og um 2,5% blóðhlutfalli. Heildarmagn sem fellur til af slógi + blóði nemur því um 14.063 kg. Varðandi þann hluta sem snýr að meðhöndlun aukaafurða, þá mun framkvæmdaraðili sjá til þess að hreinsun og meðhöndlun samræmist lögum og reglugerðum í landinu þegar sótt verður um viðeigandi leyfi.
4.6	„Í kafla 3.11 er fjallað um sjúkdómavarnir, lyfja- og efnanotkun. Matvælastofnun vísar til athugasemdar við kafla 3.6 er snýr að vatnstöku og meðhöndlun jarðsjávar. Umfjöllun um sjúkdómavarnir er að mati Matvælastofnunar nokkuð almenn og ekki nægilega ítarleg til að leggja endanlegt mat á alla heilbrigðis- og smitvarnabætti starfseminnar. Í skýrslunni kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili telji ekki þörf á UV-geislun sjávar áður en í eldiskerfi stöðvarinnar að ekki sé þörf á viðbragðsáætlun vegna laxalúsar. Matvælastofnun bendir á að þó áhætta vegna laxalúsar í landeldi sé almennt mun minni en í sjókvíaeldi, þarf mat á sjúkdómavörnum ekki eingöngu að taka til laxalúsar heldur einnig annarra mögulegra smitefna sem geta borist með vatni, fiski, búnaði, starfsfólki, flutningum eða frárennsli. Stofnunin telur	Varðandi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að UV-geislun og viðbragðsáætlun vegna laxalúsar, þá vitnar framkvæmdaraðili til ítarlegra rannsókna á inntaksvatni fyrirtækisins auk áratuga reynslu á Íslandi með notkun jarðsjávar. Engar líkur eru á að lirfa laxalúsar geti dregist inn í borholur á um 50 metra dýpi og engir fiskisjúkdómar finnast í jörðinni. Þetta er heilbrigð skynsemi en hefur líka verið staðfest með rannsóknum framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili meðhöndlar inntaksvatnið fyrir öðrum eðlisþáttum (yfirmedun á gösum og lágt súrefni) sem skapa raunverulega hættu fyrir fiskinn en hefur staðfest að sjúkdómar eru ekki til staðar í jarðsjónum á framkvæmdastað. Jafnframt bendir framkvæmdaðili á að á síðari stigum máls verður haft samráð við Matvælastofnun og þess gætt að allar viðbragðsáætlanir

	<i>mikilvægt að rekstraraðili leggi mat á smitvarnalegt öryggi jarðsjós sem nýttur verður í eldisstöðinni og tryggi eftir fremsta megni að smitefni úr umhverfinu berist ekki inn í eldiskerfi stöðvarinnar með inntaksvatni. Í því samhengi þarf að meta þörf á meðhöndlun inntaksvatns, svo sem með UV-geislun eða öðrum sambærilegum aðferðum.“</i>	muni liggja fyrir þegar sótt verður um viðeigandi leyfir fyrir framkvæmdum og rekstri.
4.7	<i>„Í kafla 3.12 er fjallað um dælingu í brunnbát. Matvælastofnun leggur áherslu á að viðbragðsáætlanir séu til staðar verði óhöpp við dælingu sem geti valdið stroki. Tengja þarf þá umfjöllun við kafla 3.13 enda er talin mesta hættu á stroki við dælingu.“</i>	Framkvæmdaraðili tekur undir mikilvægi þess að viðbragðsáætlanir vegna dælingar í brunnbát taki skýrt til atvika sem geta leitt til stroks. Nú þegar er til viðbragðsáætlun við dælingu í brunnbát þar sem strokvarnir eru skýrðar. Viðbragðsferlar, ábyrgðarskipting og tæknilegar varnir vegna dælingar í brunnbát er hluti af heildstæðu verklagi og innra eftirliti stöðvarinnar.
4.8	<i>„Í kafla 3.13 er fjallað um varnir gegn slyssleppingum. Að mati Matvælastofnunar þarf að skoða það atvik sem átti sér stað í vetur og huga að hvernig hægt er að bæta þær varnir með tilliti til stroks sem varð þá. Í því tilviki komst fiskur út í sjó þrátt fyrir allar þær varnir sem vísað er til í umhverfismatsskýrslu“</i>	Þegar umrætt atvik átti sér stað var verið var að flytja fisk milli tanka. Byrjað er að lækka vatnið í tankinum og notast var við yfirfallsrör sem lyftist frá kraga niðri við botn í tankinum þannig að það myndast sterkur straumur niðri við botn í tankinum út í fráveitu. Aðgerðin var skv. venjubundnu verklagi í slíkum fiskflutningum. Líklegast er að nokkurt magn af fiski hafi lagst á grindurnar og dregið þær inn að neðanverðu. Myndast hafi rifa þar sem fiskar drógust undir og inn í miðjusúluna. Fiskurinn hafi svo dregist niður í gegnum yfirfallsrörið og niður í fráveitusafnbrunn í miðjurými stöðvarinnar. Þar var bilun í tromlusíu sem olli því að hún var ekki í notkun þegar umrætt atvik átti sér stað, þ.a. opið var framhjáhlaup fram hjá tromlusíunni niður að fiskigildru. Í kjölfar atviksins vann framkvæmdaraðili ítarlega skýrslu sem skilað var inn til Matvælastofnunar um orsakir atviksins og þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til í því skyni að fyrirbyggja endurtekningu þess. - Tromlusía hefur verið lagfærð og gangsett. - Ný og endurbætt hönnun á fiskigildru komin upp. - Ristar í millisúlum allra tanka endursmíðaðar með straumlínulagaðri rist og þær styrktar.

		- Stálkarfa var smíðuð ofan í by-pass brunn framhjá tromlusú. Í viðauka má nálgast ítarlegri atvikaskrá sem unnin var í tengslum við atvikið.
4.9	„Í kafla 5.4 er fjallað um strok og erfðablöndun. Að mati Matvælastofnunar mætti gera betur grein fyrir þeim ám sem eru í mestri nálægð við eldið“	Þær ár sem eru í mestri hættu vegna mögulegra stroka og erfðablöndunar eru laxgengar ár á suður-, suðvestur og suðausturlandi með viltum laxastofnum. Ætla má að Stóra Laxá í Hreppum, Þjórsá, Ölfusá og Sogið og Hvítá í Árnessýslu séu þær ár sem eru hvað viðkvæmastar fyrir stroki og erfðablöndun. Þegar lengra er komið til vesturs og austurs má draga líkur á því að hættan minnki, s.s. í tilfelli Elliðaáa, Leirvogsá og Korpa/Úlfarsá. Nú er til staðar tafla í viðbragðsáætlun framkvæmdaraðila sem listar allar nærliggjandi ár og vatnakerfi í beinni nálægð við framkvæmdarsvæðið í Rangárvallasýslu og Árnessýslu. Tengiliðaupplýsingar viðkomandi veiðifélaga eru settar fram með skýrum hætti. Um er að ræða fimmtán veiðifélög, auk upplýsinga fyrir Landssamband veiðifélaga á Íslandi. Komi til strok úr stöð skal tafarlaust hafa samband við viðkomandi veiðifélög í samræmi við framangreindar upplýsingar.
4.10	„Að mati Matvælastofnunar vantar umfjöllun um raforkunotkun sem fyrirhugað eldi þarfnast. Samkvæmt umherfismatsskýrslu þá þarf rúmlega 30 MW í eldið. Mikilvægt er að mati Matvælastofnunar að sýna fram á samræmi milli orkuþarfarinnar, hvernig hún skiptist milli mismunandi rekstarþátta og getu flutningskerfisins í Vestmannaeyjum . Einnig þarf að greina betur frá varaafli sem fjallað eru um í kafla 3.4.7 og hvor það muni anna orku ef rof verður á afhendingu. Huga verði að þessum atriðum í sambandi við velferð eldisfisksins og hættu á massadauða ef rof verður á orkuafhendingu.“	Framkvæmdaraðili er enn að fá fulla sýn á hvernig orkan skiptist niður á milli svæða í fiskeldinu. Gróflega hefur þó verið reiknað með eftirfarandi skiptingu: - 35% inntaksdælingar úr borholum - 25% endurnýting á sjó við tanka - 20% hitun á sjó í endurnýtingarkerfi - 15% súrefnisframleiðsla - 5% önnur notkun á svæðinu

		Flutningskerfið í Vestmannaeyjum hefur fengið miklar endurbætur á síðustu árum svo að sú orka sem notuð verður í Viðlagafjöru er ekki nálægt því að fylla getu kerfisins. Lagðir voru tveir sæstrengir árið 2025 sem geta flutt um 120MW og fyrir er VM3 sem flytur um 30MW. Varaafli stöðvarinnar er byggt upp jöfnum skrefum til að geta haldið kerfum gangandi í bilanatilvikum hjá veitunni en flutningskerfið til Viðlagafjöru uppfyllir í dag að mestu N-1 staðal Landsnets. Landsnet gerir ekki athugasemd við áætlanir félagsins og er vel upplýst um þær. Framkvæmdaraðili hefur hannað stöðvar sínar til að lágmarka áhættu á massadauða vegna tæknilegra þátta.
4.11	„Með hliðsjón af framangreindu gerir Matvælastofnun ekki athugasemdir við að umhverfismatið haldi áfram á þessu stigi, en telur að áður en til breytingar rekstrarleyfis kemur þurfi framkvæmdaraðili að leggja fram ítarlegri gögn m.a um sjúkdómavarnir, innra eftirlit og strokvarnir.“	Öllum gögnum hefur verið skilað til Matvælastofnunar og ekkert er útistandandi sem hefur áhrif á leyfið.
4.12	„Matvælastofnunar gefur út rekstrarleyfi til fiskeldi og hefur eftirlit með rekstri og búnaði í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með velferð og fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.“	Sótt verður um viðeigandi leyfi til stofnunarinnar á síðari stigum.
5	Minjastofnun Íslands, dags. 20.05.26	
5.1	„Minjastofnun Íslands hefur mótttekið erindi Skipulagsstofnunar í Skipulagsgáttinni, þar sem óskað er eftir umsögn um umhverfismatsskýrslu vegna áforma Laxeyjar hf um að stækka landeldisstöð sína við Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum. Allt fyrirhugað framkvæmdassvæði er í nýju hrauni sem rann í Heimaeyjargosinu 1973. Þar er því ekki að vænta neinna fornleifa. Minjastofnun Íslands hefur ekki athugasemdir við matsskýrluna.“	Umsögn Minjastofnunar Íslands krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.
6	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 21.05.26	

6.1	„1. Samkvæmt skýrslunni er fyrirhugað að þurrka mykju og önnur úrgangsefni, sem hreinsuð verða úr frárennslisvatni eldiskerja, með áburð sem lokaafurð. Ef ekki reynist unnt að nýta mykjuna sem áburð er horft til þess valkostar að brenna efnið þar sem varmi og aska verða lokaafurð. Í skýrslunni er ekki fjallað um lyktarmengun sem getur borist frá slíkri starfsemi og hvaða aðferðum á að beita til að draga úr lyktarónæði.“	Í fyrra umhverfismatsferli Laxeyjar var fjallað um lykt sem viðeigandi umhverfisþátt og lagt mat á hana á grundvelli fyrirliggjandi gagna um grunnástand, vindafar og eðli starfseminnar. Þar kemur fram að engin lyktarmengandi starfsemi er á svæðinu í dag, að ríkjandi vindáttir séu almennt ekki í átt að þéttbýli og að helstu mögulegu lyktaruppsprettur tengist dauðfiski, slógi, úrgangi frá slátrun og laxamykju, en ekki lifandi fiski eða fóðri. Jafnframt er gerð grein fyrir því að þessir úrgangsstraumar verði meðhöndlaðir í lokuðum eða kældum kerfum. Þá segir jafnframt í umhverfismatsskýrslu félagsins að vöktun muni fara fram með þeim hætti að framkvæmdaraðili, í samráði við sveitarfélagið muni halda utan um ábendingar sökum lyktarónæðis og að brugðist verði við með viðeigandi hætti ef þörf er á. Framkvæmdaraðili telur að það sama muni gilda í tengslum við áform félagsins um stækkun stöðvarinnar.
6.2	„Að öðru leyti telur embættið að skýrslan geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, þeim umhverfisþáttum og valkostum sem matið tók til sem og fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum og vöktun á vegum framkvæmdaraðila. Embættið gerir hvorki athugasemdir við hvernig unnið var úr gögnum til að meta umhverfisáhrif, framsetningu niðurstaðna í skýrslunni né heldur niðurstöður umhverfismatsins. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir brennsluverum þar sem nafnvarmaafli er 1-50 MW og spennistöðvum þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af olíu starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna ýmissa verkþátta á meðan á framkvæmdum stendur, s.s. efnisnámi, fyllingu þar em hentugur úrgangur sem ekki er spilliefni er nýttur á tæknilegan hátt við landmótun, haugsetning jarðefna (bæði tímabundin eða varanleg) og eftir atvikum verktakaaðstöðu skv. ofangreindri reglugerð auk starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.“	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir ábendingar varðandi leyfi og telur þennan hluta umsagnarinnar ekki krefjast frekari viðbragða.

7	Vegagerðin, dags. 21.5.26	
7.1	„Í umsögn Vegagerðarinnar um matsáætlun framkvæmdarinnar kom fram það álit stofnunarinnar að í umhverfismatsskýrslu bæri að fjalla ítarlega um umferð tengda uppbyggingu og rekstri fiskeldisins. Í umhverfismatsskýrslu þurfi að liggja fyrir mat á umferðarsköpun, möguleg áhrif á framkvæmda- og rekstartíma og hvort grípa þyrfti til aðgerða til að styrkja vegi eða aðrar breytingar til að tryggja öryggi vegfarenda. Enn fremur taldi Vegagerðin æskilegt að gera grein fyrir umferðarsköpun á Hringveginum og aukningu á umfangi flutninga með Herjólfu. Að mati Vegagerðarinnar hefur ekki verið fjallað með fullnægjandi hætti um framangreinda þætti í framlagðri umhverfismatsskýrslu. Vegagerðin ítrekar mikilvægi þess lagt verði mat á áhrif framkvæmdarinnar á umferð og öryggi vegfarenda, bæði á framkvæmdatíma og rekstartíma. Þar sem um er að ræða sveitarfélagavegi, þ.e. vegi á ábyrgð og í rekstri sveitarfélags, eru mögulegar aðgerðir á forsjá og undir eftirliti Vestmannaeyjabæjar.“	Í svörum framkvæmdaraðila við umsögn Vegagerðarinnar við matsáætlun kemur eftirfarandi fram: Í umhverfismatsskýrslu verður fjallað um umferð í tengslum við framkvæmd, bæði á framkvæmdartíma og rekstartíma. Framkvæmdaraðili telur þó að umfang umferðar sé ekki það mikið að það kalli á styrkingu vega eða breytingar til að tryggja öryggi. Tryggt verður að umferð verði þess ekki valdandi að til neikvæðra áhrifa komi á umferð og samgöngur og því ekki talin ástæða til að lagt sé mat á umferðarsköpun eða önnur áhrif. Þá má einnig taka fram að þegar hafa allir vegir verið styrktir til þess að hægt sé að hefja þá vinnslu og uppbyggingu sem þegar er hafin í Viðlagafjöru. Í álit Skipulagsstofnunar kemur eftirfarandi fram: Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við áformaða nálgun við gagnaöflun og aðferðir við mat á áhrifum á umferð og siglingar, eins og þeim er lýst í svörum Laxey hf. við umsögnum Vegagerðarinnar og Samgöngustofu.
7.2	„Í fyrri umsögn Vegagerðarinnar kom jafnframt fram að ekki væri fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á öryggi siglinga í matsáætlun og að í umhverfismatsskýrslu bæri að gera grein fyrir áhrifum á öryggi siglinga við Vestmannaeyjar, sérstaklega áhrifum á ljósgeisla Urðarvita. Vegagerðin telur að í framlagðri umhverfismatsskýrslu hafi ekki verið gerð fullnægjandi grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á öryggi siglinga, þar á meðal mögulegum áhrifum á ljósgeisla Urðarvita, né hvaða aðgerðum verði gripið til ef áhrif reynast geta orðið á sjónlínu eða virkni vitans. Vegagerðin vísar í þessu sambandi einnig til athugasemda Samgöngustofu.“	Í kafla 3.16 <i>Umferð og siglingar</i> er fjallað um umferð í tengslum við framkvæmdina og siglingar og er sú umfjöllun í samræmi við það sem fram kemur í álit Skipulagsstofnunar við matsáætlun framkvæmdarinnar. Varðandi mögulega áhrif framkvæmdar á Urðavita þá kemur eftirfarandi fram í umhverfismatsskýrslu: Tveir vitar eru á Heimaey. Syðst á eyjunni stendur Stórhöfðaviti en á austurströnd Heimaeyjar stendur Urðaviti. Fyrsti vitinn með þessu nafni var byggður á Urðunum, á austurströnd Heimaeyjar árið 1925. Þessi viti varð undir hrauni í eldgosinu á Heimaey 1973. Eftir gos hafa verið byggðir þrír vitar. Sá fyrsti var byggður úr trejaplasti en fór í sjóinn þegar hraunið brotnaði undan honum. Sá næsti var fjarlægður áður en
7.3	„Vegagerðin ítrekar því fyrri athugasemdir sínar sem fram komu í umsögn um matsáætlun framkvæmdarinnar og telur að ekki hafi	

	verið brugðist við þeim með fullnægjandi hætti í framlagðri umhverfismatsskýrslu.“	<i>hann hlyti sömu örlög en það var stólpaviti. Vitinn sem nú stendur var byggður árið 1986 og rafvæddur frá upphafi. Urðaviti stendur á Hverfisverndarsvæði 27 skv. Aðalskipulagi Vestmannaeyja.</i> <i>Við frekari þróun og hönnun verkefnisins verður tekið tillit til laga nr. 132/1999 um vitamál og þess gætt að framkvæmdin stangist ekki á við lögin, sér í lagi fjórðu grein laganna sem segir:</i> <i>„Óheimilt er að byggja hús eða mannvirki sem skyggt gætu á leiðarmerki frá sjónum á þeim boga sjóndeildarhringsins þar sem því er ætlað að þjóna sjófarendum, og hæfilega langt til beggja handa. Getur Vegagerðin látið rífa húsið eða mannvirkið á kostnað eiganda þess ef brotið er á móti þessu. Óheimilt er að setja upp ljós eða önnur merki sem kynnu að villa um fyrir sjófarendum“</i> <i>Samgöngustofa hefur nú þegar komið á framfæri áhyggjum af því að fyrirhugaðar framkvæmdir geti skyggt á Urðavita og þar með minnkað öryggi við siglingar við Vestmannaeyjar. Framkvæmdaraðili, í samráði við sveitarfélagið og Samgöngustofu, mun tryggja áframhaldandi öryggi sjófarenda.</i>
8	Vestmannaeyjabær, dags. 21.5.26	

8.1	„ Jarðefni Vestmannaeyjabær telur jákvætt að fluttur verði sandur fyrir framkvæmdina frá höfuðborgarsvæðinu sem léttir álag á nýtingu auðlindarinnar sem er af skornum skammti í Vestmannaeyjum. Um notkun jarðefna segir að til að móta svæðið undir stækkun eldisstöðvarinnar þurfi að flytja til fast jarðefni sem nú þegar er til staðar syðst og nyrst á framkvæmdasvæðinu. Áætlað er að efnismagn sem til falli við landmótun og skeringar verði 320.000 m³ og að umframefni sem eftir verði, verði um 230.000 m³, að mestu bögglaberg og gjall. Umframefni verði komið fyrir í gamalli námu syðst á svæðinu til að byrja með og á efnisvinnslusvæði í umsjón Vestmannaeyjabæjar. Af þessu má geta að stækkun landeldisins muni nýta 90.000 m³ af efni til viðbótar við þegar samþykkt áform. Ekki er tilgreint áætlað magn af ólíkum tegundum jarðefna. Með stækkun athafnasvæðis fiskeldisins, iðnaðarsvæðis I-3, yfir megin hluta efnisvinnslusvæðis E-1, fellur úr gildi eina skilgreina efnisvinnslusvæði í Vestmannaeyjum. Eitthvað efni mun falla til við landmótun á Athafnasvæði AT-2 að mestu rauðamöl. Ljóst er að þegar burðarsterk jarðefni í Viðlagafjöru klárast verður nauðsynlegt að finna nýtt svæði til efnistöku. Þar að auki eru jarðefni í Vestmannaeyjum, eðli svæðisins samkvæmt af skornum skammti og því mikilvægt að huga ávallt að hagkvæmri nýtingu jarðefna til framtíðar. Vestmannaeyjabær hefur í nokkurn tíma safnað óvirkum úrgangi svo sem steypubrotum sem hægt er að nýta í neðri jarðlög og þar sem kröfur um gæði eru minni. Ákjósanlegt væri ef að skoðaðir væru möguleikar á nýtingu þessa efnis. Það að flytja þurfi jarðefni burt af svæðinu gæti virkað letjandi varðandi að flytja verðmæt jarðefni til geymslu og tryggja ávallt hagkvæma nýtingu sem fer ekki umfram gæði. Til að tryggja sem hagkvæmasta nýtingu jarðefna í framkvæmdum fyrir landeldið væri gagnlegt að gera magnáætlum um hvernig gæða er þörf fyrir mismunandi undirlög og hvaða efni myndu uppfylla þær kröfur. Þannig er hægt að tryggja að ekki sé notað efni sem hefur gæði umfram þörf er og mögulega greina tækifæri fyrir nýtingu óvirks úrgangs og jarðefna af lélegri gæðum. “	Framkvæmdaraðili tekur undir með sveitarfélaginu um mikilvægi þess að gætilega sé farið með jarðefni á svæðinu. Samráð við sveitarfélagið hefur þegar átt sér stað. Og liggur fyrir samningur milli framkvæmdaraðila og Vestmannaeyjabæjar um flutning á jarðefnum frá framkvæmdasvæði yfir á safnsvæði sveitarfélagsins. Á seinni stigum máls verður áhersla lögð á hagkvæma nýtingu jarðefna og verður það gert í áfrmahaldandi samráði við sveitarfélagið.
-----	---	---

8.2	” Umferð og innviðir Í heildina er gert ráð fyrir ferðum allt að 67 flutningabíla með eftir vagna á viku. Fram kemur að mesta umferðin frá framkvæmdasvæðinu fari beinustu leið til hafnar og að aukin umferð ætti ekki að leiða til áhrifa innan þéttbýlis. Gera má ráð fyrir að varningur muni berast til Eyja við Eiðið eða með Herjólfí. Báðir kostir kalla á auknaumferð um Strandveg sem tilheyrir miðbæjarsvæði Vestmannaeyja. Þar er nú þegar þó nokkur umferð akandi og gangandi vegfarenda, verslunar- og íbúðarhúsnæði. Mikilvægt er að skoða ráðstafanir við Strandveg til að tryggja umferðaröryggi, t.d. lækkaðan hámarkshraða, upphækkuð gatnamót og eftirlit með þyngdartakmörkunum. Það er óljóst hversu mikið af hráefni verði flutt með Herjólfí, en það er ljóst að með tilkomu aukinna flutninga með tilheyrandi áhrifum á rekstur eykst enn mikilvægi rekstar öryggis Landeyjahafnar. “	Lík og fram kemur í umhverfismatsskýrslu, þá má búast við nokkurri umferð tengdri starfseminni sem á ekki samleið með almennri umferð. Mest verði umferðin frá framkvæmdarasvæðinu og beinustu leið til hafnar og ætti ekki að leiða til mikillar aukningar innan þéttbýlisins. Á seinni stigum hönnunar mun framkvæmdaraðili eiga samráð við sveitarfélagið vegna mögulegra mótvægisáðgerða ef talið er að þörf sé á slíkum vegna aukinnar umferðar á ákveðnum svæðum. Varðandi efni sem flutt verður með Herjólfí, þá hefur Laxey stýrt flutningum hingað til eftir framboði á plássi sem Herjólfur hefur uppið að bjóða. En fyrirtækið notar í 96-98% tilfella flutningsleiðina með millilandskip hjá Eimskip og Samskip. Vert er að nefna að á næstu mánuðum mun þjónustan aukast mikið með tilkomu Smyril Line til Vestmannaeyja. Ekki verði flutt hráefni til framleiðslunnar með Herjólfí nema í algjörum undantekningar tilfellum. Fóður og umbúðir koma með fraktskipum en mögulega fara einhverjar afurðir með Herjólfí í útflutning. Framkvæmdaraðili er sammála athugasemdum er lúta að rekstraröryggi Landeyjahafnar og styður Vestmannaeyjabæ í að herja á um umbætur þar sem allra fyrst.
8.3	” Grunnvatnshlot Gerð hefur verið greining á áhrif grunnvatnstöku landeldisins á grunnvatnshlot og niðurdrátt. Nýlega staðfesti Vestmannaeyjabær skipulagsáform um uppbyggingu baðlóns við Skanshöfða. Lónið gerir ráð fyrir að nýta grunnvatn til að keyra varmadælur fyrir lónið og mögulega sem íblöndunarefni baðlónsvatns. Gert er ráð fyrir að baðlónið muni þurfa allt að 15 l/s til orkuöflunar. Magnið er hverfandi miðað við grunnvatnstöku landeldisstöðvarinnar en vert væri að gera grein fyrir fyrirhugaðri grunnvatnstöku baðlónsins sem er í sama grunnvatnshloti. “	Mikilvægt er að tekið sé tillit til mögulegrar vatnstöku í tengslum við baðlóni í vöktun á mögulegum áhrifum á grunnvatnskerfi. Rekstraraðili fagnar komu baðlóns til Vestmannaeyja og telur miðað við núverandi upplýsingar og vöktun fyrirtækja í Vestmannaeyjum sem nýta sjó í gegnum borholur og mikla og nákvæma útlistun Vatnaskila að áætluð notkun baðlóns uppið 15 l/s muni ekki hafa áhrif á aðrar borholur eða á grunnvatnshlotið.

8.4	„ Fráveita, viðtaki og lífríki viðtaka Fráveituvatni frá eldiskerjum verður veitt til sjávar um svokallaðan hamarshaus, sem er stokkur sem endar í brimvarnargarði. Fyrir hvert 1 kíló af fóðri sem er notað fellur til um 1 kg af seyru með 10% þurrefni. Gert er ráð fyrir að 75% þurrefnis verði hreinsuð úr frárennsli með tromlu/diskasíum. Seyran verður fyrst um sinn sölt en þegar seiðaeldisstöðin á svæðinu kemst í notkun verður hægt að notast við ferskvatn frá stöðinni til að þynna út saltið. Til að geta leyst áskoranir í flutningi á seyrunni, sem er verðlítill og nýtist eingöngu til landgræðslu, verður byrjað að setja upp þurrkara til að umbreyta 10% þurrefnis mykjunni í 90% þurrefnis mjöl sem er hægt að flytja í stórsekkjum. Ráðstöfun á þurrkaðri seyru/áburði verður í samráði við bændur eða mögulega umsjónaraðila landgræðsluverkefna. Efnið verður til lands og mun að líkindum leiða til bættis kolefnisfótspors í framleiðslu fyrirtækisins. Áætlanir Laxey gera ráð fyrir ofangreindri meðferð sem fyrsta valkosti en lítil reynsla á notkun aðferðarinnar. Miðað við fóðurnotkun, 49.000 tonn/ári má gera ráð fyrri þurrefni til áburðar til landgræðslu, 3.675 tonn á ári. Þurrefni sem veitt er í fráveitu er 1.225 tonn á ári. Það verður umfangs mikið verkefni að koma svo miklu magni áburðar í dreifingu. Unnið var þynningar- og dreifingarlíkan til áætlunar þynningarsvæðis fráveitu miðað við „varfærna sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að hreinsun fastefnis úr frárennslinu verði 75%. Straumar í viðtaka við Viðlagafjöru eru sterkir og einkennist strandlengjan við fjöruna að mestu af hraundröngum svo viðverða fólks og dýra er afar takmörkuð á svæðinu. Miðað við sviðsmynd sem gefin er í dreifilikani er ljóst að næringarefnin dreifast hratt, en styrkur næringarefna frá fráveitu verður nokkuð hár næst fjörunni. Ekki er gert ráð fyrir að til uppsöfnunar næringarefna komi í fjöruborðinu. Áætlanir Laxeyjar gera ráð fyrir ofangreindu ferli sem fyrsta valkost til meðhöndlunar á seyru en lítil reynsla er fyrir hendi hér á landi varðandi nýtingu fiskelídsseyru hér á landi. Mikilvægt er að ekki berist meira þurrefni til sjávar til að forsendur dreifilikans um dreifingu og uppsöfnun efna haldi sér. “	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessum hluta umsagnarinnar.
8.5	„ Viðtaki og lífríki viðtaka Skoðuð voru áhrif framkvæmdanna á líffræðilegu gæðapættina svifþörungum, hryggleysingja á mjúkum botni og botnþörungum á hörðum botni og efna- og eðlisefnafræðilega gæðapáttinn næringarefni. Greiningarnar gefa almennt til kynna að það náist gott ástand í um 200 metra fjarlægð frá strönd. Þá segir að ekki sé áætlað að næringarefni nái að safnast upp við ströndina að miklu leyti en að gera megir ráð fyrir að þegar aukin næringarefni berast stöðugt með frárennsli muni þörungavöxtur tækifæristegunda aukast. Þá megir einnig gera ráð fyrir að svifþörungur geti aukið vöxt sinn með auknu framboði næringarefna í vatnshlotinu.	Miðað við þær rannsóknir sem hafa verið unnar af Framkvæmdaraðila þynnist fráveitan hratt fyrir utan útfall svöðvarinnar á meðan vatnið sem flæðir inn í grunnvatnskerfið síast inn í þau á mjög stóru svæði. Framkvæmdaraðili telur að þessi gögn styðji að afar ólíklegt teljist að lífrænt efni frá stöðinni muni hafa áhrif á grunnvatnskerfið með stíflun eða lektarbreytingum. Framkvæmdaraðili hefur þó sett upp kerfi vöktunar fyrir borholur félagsins og umhverfi.

	Gerð var greining á hvort að næringarefni frá siturbeði fyrir rotþró geti borist í grunnvatn og áhætta talin lítil á því. Forsendur um grunnvatn gera ráð fyrir lekum jarðlögum og hraðri endurnýjun jarðsjávar. Hefur verið lagt mat á það hvort að hvort að næringarefni frá frárennsli í sjó geti borist í grunnvatn og einnig hvort að næringarefni og svifþörungur geti með tímanum haft áhrif á lekt bergsins? “	
8.6	„ Landslag, ásýnd og jarðmyndanir Staðsetning landeldis í Viðlagafjöru er ákjósanleg þar sem stórum meirihluta svæðisins hefur verið raskað og svæðið er nokkuð falið í landslaginu sem umlykur svæðið. Nú þegar einkennis Viðlagafjara af mannvirkjum landeldisins og tekið er undir að aukin umsvif muni hafa takmörkuð áhrif miðað við það sem komið er. Það verður til framtíðar mikilvægt fyrir ásýnd að fjarlægja ekki land sem umlykur stöðina, huga að uppbroti byggingarreita og að mönum. Vestmannaeyjabær fagnar umfjöllun um ásýnd nálægra svæða og jarðmyndana sem eru viðkvæm og einstök. Er það talið til merkis um metnað framkvæmdaraðila til að vernda landslag og ásýnd Eldfellshrauns og nálægra útsýnisstaða. Nýlega hefur verið settur upp útsýnisstaður sem tilheyrir listaverki Ólafs Elíassonar á Eldfellshrauni, í framhaldinu verður gerður göngustígur á Eldfell. Það er jákvætt að mannvirki fiskeldisins sjáist takmarkað eða ekkert frá útsýnisstaðnum. Þess má vænta að dvöl ferðamanna muni aukast á Eldfellshrauni og er vert að huga að því í hæðarsetningu og hönnun mannvirkja. Lítið uppbot og stórir byggingarreitir skera sig úr í landlagi, geta hækkað mænis hæð og auka þar með sýnileika í landslagi. Einnig er vert að huga vel að ásýnd á útsýnispalli norðan við framkvæmdasvæðið og að ásýnd þegar keyrt er að útsýnispallinum, en afar fallett útsýni er til Elliðaeyjar og Bjarnareyjar frá þeirri leið. Talið er mögulegt að hægt verði að tryggja góða ásýnd frá þessum stöðum en mikilvægt er að huga vel að verki við úrfærslu í hönnun mannvirkja og mana. Eins og fram kemur að ofan verður nauðsynlegt að finna nýtt efnistökusvæði og mun framkvæmdin því hafa óbein áhrif á jarðmyndanir utan framkvæmdasvæðisins. “	Framkvæmdaraðili tekur undir með þessum hluta umsagnarinnar. Við áframhaldandi hönnun og framkvæmdir verður áhersla lögð á að draga úr neikvæðum áhrifum ásýndar eins og kostur er og að allur frágangur sé til fyrirmyndar og í samræmi við skipulagsskilmála.
9	HS Veitur, dags. 21.05.26	
9.1	„Inngangur <i>HS Veitur reka rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu í Vestmannaeyjum í samræmi við ákvæði hlutaðeigandi sérlaga á hverju sviði. Um starfssemina gilda einnig ýmiss önnur sérlög s.s. um leyfisveitingar,</i>	Ekki er þörf á svari við þessum hluta umsagnar.

	<i>dreifingu, auðlindanýtingu og þar með forgangsrétt sérleyfisfyrirtækja til auðlindanýtingar.</i> <i>Í hlutaðeigandi lögum er fjallað um réttindi og skyldur sérleyfisfyrirtækja á hverju sviði og þá fyrirvara sem gerðir eru gagnvart þjónustu við stærri viðskiptaaðila og þar með um svo nefndan viðbótakostnað sem kann að falla til vegna tenginga þeirra. Með þessum ákvæðum er horft til þess að tryggja að almennir notendur í viðkomandi dreifikerfum beri ekki aukinn kostnað vegna tengingar stærri aðila við þau. Að sama skapi er ljóst að fjárfestingar stærri aðila og aukin notkun getur stutt við uppbyggingu og eflingu samfélagslega mikilvægra innviða og þar með sameiginlegra hagsmuna allra aðila. Að sama skapi kann að vera skynsamlegt og áhættu minnst að fyrir samfélagslega mikilvægu innviðina að heimilað sé að tilteknir stórir notendur leysi sjálfir úr þörfum sínum þar sem þeir möguleikar kunna að vera fyrir hendi og að teknu tilliti til framtíðar hagsmuna viðkomandi innviðafyrirtækja á viðkomandi svæðum.</i> <i>“</i>	
9.2	„ Viðræður HS Veitna og Laxeyjar <i>HS Veitur hafa að ósk Laxeyjar ehf. átt í viðræðum um ýmsa þætti sem snúa að þjónustu við fyrirtækið varðandi ofangreinda miðla og með hvaða hætti HS Veitur geta komið til móts við þarfir þess að teknu tilliti til stærðar þeirra verkefna sem um ræðir og þar með væntanlegrar uppbyggingar í einstökum innviðum HS Veitna. Ekki liggur fyrir samningur varðandi vatn til starfseminnar. Um ýmsar stærðir er varða vatn frá vatnsveitu bæjarins þarf að skýra og þekkt er að afkastageta vatnsveitunnar er takmörkuð</i> Einstakir þættir í drögum að umhverfismati <i>Hvað varðar einstaka þætti í þeim drögum að umhverfismati sem hér eru til umsagnar þá vilja HS Veitur á þessu stigi málsins fyrst og fremst nefna þau atriði sem snúa að auðlindanýtingunni. Víða um</i>	Framkvæmdaraðili bendir á að 2.5 km eru í beinni loftlínu frá Viðlagafjöru að kyndistöð HS Veitna við Hlíðarveg. Einnig að á lóð HS Veitna eru borholur með 10 metra millibili sem valda ekki niðurdætti hvor hjá annarri. Það má einnig benda á að jarðlög undir Vestmannaeyjum hafa myndast í gegnum röð eldgosa á hafsbotni og eru því jarðlögin útilokað þau sömu sem myndast í eldgosi því sem myndar fjallið Há þar sem varmadælustöðin er og svo nýja hraunið þar sem framkvæmdaraðili starfar. Það verður því að teljast nokkur svartsýni að ætla að báðir aðilar séu að vinna í sama jarðlagsleiðara og muni hafa áhrif hvor á annan. Ennfremur telur framkvæmdaraðili að fjarlægðin milli stöðvanna styðji ekki ábendinguna þar sem gríðarlegur varmaforði er í jörðinni umhverfis kyndistöðina þar sem vinnsluáhrif Laxey, í ljósi fjarlægðarinnar, eru afar lítil í samanburði við önnur náttúruleg áhrif. Framkvæmdaraðili þakkar ábendinguna en vitnar í skýrslu Vatnaskil

<i>land er mikil uppbygging á sviði fiskeldis sem kallar á nýtingu auðlinda í verulegu magni og þá fyrst og fremst vatni; neysluvatni, jarðsjó, jarðhitasjó og eftir atvikum jarðhita þar sem það á við. Eins og kunnugt er getur jarðsjór verið nýttur með beinum hætti í tiltekna vinnsluferla, til vatnsframleiðslu, en einnig og ekki síður til varmavinnslu sem á við í Vestmannaeyjum. Má í þessu sambandi minna á fyrirhugað baðlón í Vestmannaeyjum sem hyggst nýta sjó til varmavinnslunnar.</i> <i>„Eins og kunnugt er hafa HS Veitur um nokkurt skeið nýtt jarðsjó í varmastöð sinni í Vestmannaeyjum til þess að sinna þörfum fjarvarmaveitunnar þar með góðum árangri og á þessu ári er m.a. unnið að stækkun á stöðunni.</i> <i>HS Veitur hafa áður bent á mikilvægi þess að jarðsjórinn í Vestmannaeyjum sem auðlind þurfi að meta sérstaklega með ofangreinda þætti í huga og telja eðlilegt að það verkefni sé hluti af umhverfismati hverrar og einnar framkvæmdar sem umræðir hverju sinni (fyrirhugað baðlón í Vestmannaeyjum).</i> <i>Auk HS Veitna nýta a.m.k. þrír aðrir aðilar jarðsjó í starfssemi sinni eins og staðan er núna. Ekki er kunnugt um að gerð hafa verið sérstakar rannsóknir hér að lútandi á þessari vinnslu jarðsjávarins en hafa ber í huga að hún er óveruleg í samhengi við þá vinnslu sem hér er fyrirhuguð af hálfu Laxeyjar ehf. Fjallað er um vinnslu þeirra sem nýta jarðsjó „við höfnina“ í Eyjum en ekki sérstaklega um vinnslu HS Veitna.</i> <i>HS Veitur reka varmadælustöð fyrir hitaveitu bæjarins. Þar er varmi úr sjóholum er nýttur til kyndingar fyrir eyjuna. Felst hagkvæmni vinnslunnar m.a. í háum og stöðugum sjávarhita. Vakin er athygli á því að áhætta er fyrir hendi að stóraukin sjótaka gæti kælt holurnar og þannig dregið verulaga úr afkastagetu og hagkvæmni rekstrarins sem myndi hafa áhrif á verð á heitu vatni til viðskiptavina. Þennan þátt þarf að meta sérstaklega.</i>	<i>(Mat á áhrifum aukinnar vatnstöku, bls. 23) sem segir: “Niðurstöður líkansreikninganna gefa til kynna að fyrirhuguð vinnsluaukning Laxeyjar muni ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna varðandi magnstöðu og efnafræðilegt ástand.”</i> Í dag eru eftirfarandi aðilar að nýta jarðsjó í Vestmannaeyjum, Vinnslustöðin, Ísfélag, HS-Veitur, Leo Seafood, Langa og Laxey. Öll þessi félög eru með nokkrar sjóholur. Allir þessir aðilar eru að fylgjast með niðurdrætti, hitastigi og seltustigi í rauntíma. Á heildina litið er lögð áhersla á varfærna framfylgd verkefnisins, með skýrum vöktunaráætlunum, sveigjanleika í rekstri og virku samráði við hagaðila, þar á meðal HS Veitur.
---	---

	Hvað það verkefni varðar sem hér er til umfjöllunar hafa HS Veitur ekki forsendur meta þessa þætti en ljóst er af kaflanum 5.1.4 „Lýsing á áhrifum“ að fyrirhuguð auðlindanýting í jarðsjó mun hafa veruleg áhrif á grunnvatnsstöðu á tilteknu svæði (sjá myndir 5.3 og 5.4.) (sjá einnig niðurstöðu kafla 5.1.6) . Reynslan sýnir að ákveðinn áhætta er fólgin í því að reikna og áætla umrædda áhrifaþættir og því kann að þurfa setja tiltekna fyrirvara í vinnsluleyfið eins og algengt er að sett séu í slík leyfi. Slíkir geta kallað á að vinnsluaðili verði að draga úr eða hætta vinnslu á tilteknum svæðum en einmitt er gert ráð fyrir þeim möguleika í drögum að skýrslunni. Með tilliti til forgangsréttar HS Veitna er mjög mikilvægt að þetta sé rannsakað sérstaklega og þá eftir atvikum með rannsóknarholum og metið þannig að fyrir liggi hvort þarna geti verið um tiltekna áhættu að ræða m.t.t. varmavinnslu HS Veitna. Er þá vísað til þess að augin selta í vinnslusjó getur haft neikvæð á rekstur t.d. varmavinnslustöðvar HS Veitna og þá eftir atvikum annarra sem hyggjast nýta jarðsjó til varmavinnslu. Hér er rétt að hafa í huga að nýtingarholur HS Veitna við varmadælustöðina við Hlíðarveg eru u.þ.b. 30-40 metra djúpar. Er hér sérstaklega vísað til þess að áhrif fyrirhugaðrar vinnslu kunni að teygja sig allt inn að Stórhöfða. Eins og gefur að skilja þarf líka að horfa á þetta útfrá heildar hagsmunum allra hlutaðeigandi annarra aðila sem eru að nota eða fyrirhuga að nota umrædda auðlind, grunnvatnsstöðu, blöndun, seltu o.s.frv. Sérstaklega þarf þá að huga að fyrirhugaðri notkun baðlóns og þá samhengis milli þessara vinnslu í heild sinni. HS Veitur óska eftir góðu samtali við hlutaðeigandi aðila hér eftir sem hingað til.“	
10	Veðurstofa Íslands, dags. 27.05.26	
10.1	„Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemd við umhverfismatsskýrslu þessa.“	Umsögn Veðurstofu Íslands krefst ekki svara af hálfu framkvæmdaraðila.

11	Hafrannsóknarstofnun, dags. 04.06.26	
11.1	Sjávarstraumar <i>Laxey ehf. lét framkvæma mat á sjávarstraumum (Vatnaskil ehf.) við Vestmannaeyjar og Viðlagafjöru. Niðurstöðurnar sýna að straumakerfið á svæðinu er flókið og að utan við Viðlagafjöru myndast gjarnan stórar iður með tiltölulega miklum straumhraða. Slíkar aðstæður geta haft veruleg áhrif á dreifingu og þynningu frárennslis frá starfseminni.</i> <i>Æskilegt hefði verið að hafa ítarlegri upplýsingar um forsendur líkanareikninganna. Hvaða straumlíkan var notað, upplausn líkansins (móskvastærð), drifkrafta líkansins (sjávarföll og vindar) ásamt upplýsinga um reiknitímabil sem spár um dreifingu efna byggja á. Í viðauka C er eingöngu fjallað um áhrif sjávarfalla og ölduhreyfinga, en bent er á að vindur getur einnig haft veruleg áhrif á yfirborðsstrauma og þar með á dreifingu efna.</i> <i>Hafrannsóknastofnun tekur undir að straumar við Vestmannaeyjar geta verið sterkir og að slíkar aðstæður geti stuðlað að hraðri dreifingu efna. Hins vegar er ekki unnt að leggja fullt mat á áreiðanleika líkanaspáa um dreifingu næringarefna og annarra efna út frá framlagðri umfjöllun einni saman. Til þess þarf að sannreyna líkanið með viðeigandi mælingum á straumum, dreifingu efna og styrk næringarefna á völdum stöðum og tímabilum.</i> <i>Sterkir straumar geta dregið úr staðbundnum áhrifum losunarinnar, en þeir útiloka ekki að mengun frá eldinu geti við ákveðnar aðstæður borist meðfram ströndinni og inn í höfn Vestmannaeyja. Því er mikilvægt að áhrif slíkrar dreifingar séu metin með fullnægjandi hætti og studd með viðeigandi mælingum og vöktun.</i>	Líkanreikningar byggja á ítarlegum dýptargögnum umhverfis Viðlagafjöru og taka mið af langtímabreytileika sjávarfalla og öðrum þáttum á borð við öldufar. Valinn er sá breytileiki sem gefur varfærnustu niðurstöður með hliðsjón af efnadreifingu, þ.e. lýgnar aðstæður án áhrifa öldufars. Framkvæmdaraðili hefur sett fram vöktunaráætlun og mun það sannreyna niðurstöður líkanútreikninga. Vöktun frárennslis fer fram í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og skilyrði starfsleyfis. Sýni verða tekin úr frárennslis í Viðlagafjöru, auk þess sem efnainnihald vatns verður mælt bæði við inntak og útrás til að fylgjast með breytingum sem rekja má til starfseminnar. M.a. verður fylgst með svifögnum og lífrænu efni (TOC). Slíkar mælingar verða framkvæmdar að jafnaði tvisvar á ári, eða samkvæmt nánari ákvörðun í vöktunaráætlun. Niðurstöður mælinga verða skráðar í gagnagrunn og varðveittar þannig að þær séu ávallt aðgengilegar eftirlitsaðilum. Ítarlegri vöktunaráætlun verður unnin í samráði við Umhverfis- og orkustofnun við útgáfu starfsleyfis fyrir starfsemina.
11.2	Slyasleppingar	Í umhverfismatsskýrslu fjallað um stök og erfðablöndun. Þar kemur m.a. eftirfarandi fram:

	Fram kemur að slysasleppingar geti haft neikvæð áhrif á vistkerfi, þó áhrifin geti verið mismikil eftir því á hvaða stigi lífsferils fiskisins sleppingarnar eiga sér stað. Þótt hætta á slysasleppingum frá landeldisstöðvum sé almennt talin lítil er ekki hægt að útiloka að slíkt geti gerst, líkt og dæmi eru um bæði hérlandis og erlendis. Fyrirtækið hyggst beita þrefaldri vörn gegn stroki, sem er jákvætt, en engu að síður verður að hafa í huga að ef strok á sér stað getur fjöldi fiska orðið verulegur vegna umfangs starfseminnar. Í ljósi þess að villtir laxastofnar eru til staðar í ám á Suðurlandi og á gönguleiðum laxfiska við suðurströnd landsins er mikilvægt að verkferlar, eftirlit og viðbragðsáætlanir séu ávallt til staðar og virki sem skyldi til að halda áhættu í lágmarki. Þá er jafnframt vert að hafa í huga að fyrirhugað er að ala frjóan lax af norskum uppruna sem er erfðafræðilega frábrugðinn íslenskum laxastofnum. Af þeim sökum er mikilvægt að umhverfismatsskýrslan fjalli sérstaklega um hugsanleg áhrif erfðablöndunar og þær ráðstafanir sem ætlað er að grípa til til að lágmarka slíka áhættu.	„Slysasleppingar geta haft verulega neikvæð áhrif á vistkerfi, misalvarleg eftir því hvar í líftíma fiskanna slysin verða. Hætta á slysasleppingum er lítil frá landeldisstöðvum en ekki er hægt að útiloka þær. Framkvæmdaraðili telur að mestar líkur á slysasleppingum séu við flutning seiða/sláturfisks í brunnbát. Þá er einnig hætta á að til slysasleppinga komi ef bilun verður á búnaði eða sökum mannlegra mistaka, líkt og gerðist hjá félaginu í desember 2025. Mikilvægt er að vandað sé til verka við áframhaldandi hönnum stöðvarinnar, þess gætt að viðunandi varnir og verkferlar séu til staðar og að starfsfólki sé kunnugt um viðbragðsáætlanir ef til slysa kemur. Framkvæmdaraðili er þó meðvitaður um þá hættu sem getur verið til staðar ef til slysa kemur og verður því rík áhersla lögð á að varna slysasleppingum með fullnægjandi búnaði, aðgæslu og viðbrögðum. Framkvæmdaraðili telur, að með þeim mótvægisáðgerðum sem hafa verið kynntar séu áhrif framkvæmdarinnar á umhverfispáttinn óveruleg neikvæð.“ Framkvæmdaraðili vísar einnig til umsagnar 2.1 frá Fiskistofu og til svars við umsögn 4.8 frá Matvælastofnun.
11.3	Úrgangur í föstu og uppleystu formi Það sem einna helst hefur verið talið vera kostur við landeldi fram yfir sjókvíaelði er það að hægt er að fjarlægja úrganginn beint frá eldisstöðinni á landi í stað þess að hann endi allur í sjónum með tilheyrandi mengun af efnafræðilegum (lífræn og ólífræn efni) og eiturefnafræðilegum toga. Samkvæmt áætlun Laxeyjar ehf. á að sía um 75% af föstum úrgangi frá frárennslinu en losa hin 25% í sjóinn. Öll uppleyst úrgangsefni fara í sjóinn. Við fulla framleiðslu, 42.000 tonn á ári, er gert ráð fyrir að um 4.700 tonn af fiskiseyru (þurrvigti) falli til í landi árlega. Hafrannsóknastofnun telur að umfjöllun Laxeyjar ehf. um meðhöndlun og nýtingu fiskiseyru sé of almenn miðað við mikilvægi	Framkvæmdaraðili vísar til svars við umsögn nr. 3.7 varðandi áætlanir um meðhöndlun og nýtingu fiskiseyru og til svars við umsögn nr. 6.1 varðandi lyktarmengun.

	<i>málefnisins. Óljóst er hvernig fyrirhugað er að draga úr seltu seyrunnar til að gera hana hæfa til nýtingar sem áburð eða jarðvegsbæti og að hve miklu leyti sú vinnsla hefur verið útfærð. Þá liggja ekki fyrir nægilegar upplýsingar um framkvæmd meðhöndlunarinnar né hvar fyrirhuguð nýting fiskiseyrunnar eigi að fara fram.</i> <i>Meðhöndlun fiskiseyru er viðfangsefni sem fylgir landeldi víðar, einkum hjá stórum framleiðendum þar sem mikið magn úrgangs fellur til. Að mati Hafrannsóknastofnunar skortir skýrari upplýsingar um hversu langt Laxey ehf. er komið í þróun lausna fyrir meðhöndlun og ráðstöfun fiskiseyru og hvort raunhæfar móttökuleiðir séu til staðar fyrir það magn sem um ræðir. Jafnframt telur stofnunin að umhverfismatsskýrslan fjalli ekki nægilega um möguleg umhverfisáhrif tengd meðhöndlun fiskiseyru, svo sem lykt, geymslu, flutninga og aðra tengda starfsemi, né hvaða afleiðingar það gæti haft ef fyrirhuguð nýting eða vinnsla gengur ekki eftir.</i>	
11.4	Áhrifamat <i>Áður en leyfi er veitt fyrir starfsemi sem getur haft áhrif á gæði vatnshlota, þarf að gera formlegt áhrifamat þar sem gert er grein fyrir áhrifum sem starfsemin kemur til með að hafa á núverandi ástandi vatnshlota á áhrifasvæðinu, bæði fyrir viðtakann, Dyrhóley að Þorlákshöfn (103-1342-C) og mögulega einnig fyrir grunnvatnshlotið Eldfell (103-242-G). Meginmarkmið áhrifamats er að svara spurningum hvort framkvæmdin geti valdið hnignun á ástandi vatnshlota og komið í veg fyrir að umhverfismarkmið laga um stjórn vatnamála náist.</i> <i>Eins og staðan er í dag eru sum vatnshlot mjög stór og á það við Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C) sem er vatnshlotið sem tekur við úrgangi frá starfseminni. Í næstu vatnaáætlun sem tekur gildi árið 2028 verður ný uppskipting á vatnshlotum í strandsjó m.a. í kringum Vestmannaeyjar til þess að afmarka betur staðbundið álag</i>	Áhrifamat vatnshlota var unnið af verkfræðistofunni Vatnaskil samhliða umhverfismati framkvæmda. Áhrifamatið var unnið út frá þeim forsendum og afmörkunum sem lágu fyrir á þeim tíma sem það var unnið. Áhrif starfseminnar voru því metin á vatnshlotin <i>Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C)</i> og <i>Eldfell (103-242-G)</i>, en einnig voru staðbundin áhrif losunar á viðtaka og vatnstöku á grunnvatnshlot skoðuð. Í viðauka A má finna mat á áhrifum aukinnar vatnstöku þar sem eftirfarandi kemur fram: <i>„Niðurstöður líkansreikninganna gefa til kynna að fyrirhuguð vinnsluaukning Laxeyjar muni ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna varðandi magnstöðu og efnafræðilegt ástand.“</i> Í viðauka B má finna áhrifamat fráveitu á grunnvatn þar sem eftirfarandi kemur fram:

	og eftirlit með því. Mikilvægt er að horfa ekki aðeins til áhrifa af starfsemi á allt vatnshlotið eins og það er skilgreint í dag heldur horfa einnig til staðbundinna áhrifa af starfseminni. Forsenda þess að hægt sé að meta áhrif framkvæmda og starfsemi á vatnshlot er að búið sé að flokka þau með tilliti til ástands vatnshlotanna. Gæða- og matsþættir sem nota á við mat á vistfræðilegu ástandi strandsjávarvatnshlota eru blaðgræna a (svifþörungar), botndýr á mjúkum botni (NQ1), þörungar á hörðum botni og uppleyst ólífræn næringarefni að vetrarlagi. Leiðbeiningar um hvernig á að safna sýnum og meðhöndla fyrir greiningar er að finna á vef Umhverfis- og orkustofnunar. Ástand vatnshlotanna sem um ræðir er skráð „Óflokkað“ og „Óþekkt“ í vatnavefsjá. Í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um niðurstöður mælinga á nokkrum gæðapáttum í vatnshlotinu Dyrhóley að Þorlákshöfn en t.d. virðist ekki hafa verið farið alveg eftir tímasetningu sýnasöfnunar á næringarefnasýnum. Þeim á að safna að vetri (jan/feb) en gögnin sem eru í umhverfismatsskýrslunni eru úr sýnum sem safnað í mars. Til þess að ástandsflokkun geti tekið formlega gildi þarf að skila gögnunum í skilagátt vatnavefsjár.	„Meginniðurstaða er sú að núverandi fráveita og frekari uppbygging hennar í áföngum samhliða uppbyggingu Laxeyjar í Viðlagafföru mun ekki hafa áhrif á umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins Eldfells (nr. 103-242-G) eða annarra grunnvatnshlota í nágrenninu.“ Í viðauka C má finna mat á dreifingu frárennslisefna í viðtaka þar sem eftirfarandi kemur fram: „Losun starfseminnar sem hér hefur verið til skoðunar er því ólíkleg til að hafa áhrif á umhverfismarkmið strandsjávarhlotsins í nágrenni Vestmannaeyja um gott vistfræðilegt ástand með hliðsjón af efna- og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum.“ Í viðauka D má finna mat á áhrifum á vistfræðilega gæðapætti þar sem eftirfarandi kemur fram: „Að framangreindu er ljóst að álag frá eldi félagsins mun hafa staðbundin áhrif á hluta vatnshlotsins. Ekki er þó talið líklegt að áhrifin verði til þess fallin að það muni falla um flokk og er það metið hér að ástand vatnshlotsins muni haldast „Gott“.“ Að safna sýnum úr sjó í janúar og febrúar er oft á tíðum snúið ferli og þá sérstaklega í strandsjávarhlotum sem eru fyrir opnu hafi eins og tilfellið er hér. Erfiðlega gekk að komast á sjó til sýnatöku þessa mánuði og því var ákveðið að taka sýni í mars þegar færi gafst. Að því sögðu er sýnataka í mars frekar en febrúar ekki gífurleg skekkja í tímasetningu. Framkvæmdaraðili mun þó gera aðra tilraun árið 2027 til sýnatöku á næringarefnum í sjó í janúar og febrúar. Öllum gögnum verður skilað í skilagátt vatnavefsjár.
11.5	<i>Blaðgræna a</i> <i>Mælingar á blaðgrænu a skulu fara fram á vaxtartíma svifþörungna, sem nær frá apríl og fram í lok september eða byrjun október. Samkvæmt vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022–20277 skal framkvæma að lágmarki tvær mælingar á tímabilinu. Í skýrslu Marvaktar var framkvæmd ein mæling í júní 2025. Ekki liggur heldur</i>	Eitt sýni var tekið á hverri stöð sem samræmist vöktunaráætlun Laxeyjar en ekki er tekið fram í leiðbeiningum hversu mörg sýni á að taka á hverri stöð. Framkvæmdaraðili telur nægjanlegt að taka eitt sýni á hverri stöð. Sýni voru send til Hafrannsóknarstofnunar til úrvinnslu.

	fyrir hversu mörg sýni voru tekin á hverri stöð. Þar sem magn svifþörunga getur sveiflast verulega innan vaxtartímabilsins og innan vatnshlotsins, sem er mjög stórt, er mikilvægt að framkvæma fleiri en eina mælingu á ólíkum tímabilum vaxtartímans líkt og tilgreint er í leiðbeiningunum.	
11.6	<i>Botnþörungar á hörðum botni</i> <i>Ekki var gerð rannsókn á botnþörungum fyrir umhverfismatsskýrsluna og því er umfjöllun um þá takmörkuð. Af þeim sökum er ekki unnt að draga ályktanir um möguleg áhrif starfseminnar á vatnshlotið út frá þessum gæðapætti.</i> <i>Hafrannsóknastofnun bendir á að líklegt sé að áhrif frá starfsemi Laxeyjar ehf. komi fyrst og fremst fram í fjörunni þar sem frárennslið frá stöðinni er leitt beint í hana. Því sé mikilvægt að framkvæma grunnrannsóknir á botnþörungum og fylgjast með þróun þeirra með reglubundinni vöktun.</i> <i>Samkvæmt líkanareikningum Vatnaskila er gert ráð fyrir að styrkur næringarefna verði mestur næst ströndinni þar sem næringarefni og ljós eru helstu forsendur vaxtar botnþörunga eru verulegar líkur á að aukið næringarefnaálag frá stöðinni muni hafa áhrif á tegundasamsetningu, magn og útbreiðslu botnþörunga. Í umhverfismatsskýrslunni er raunar tekið fram að búast megi við auknum vexti tækifæristegunda þörunga vegna stöðugs framboðs næringarefna frá frárennslinu, sem bendir til þess að framkvæmdaraðili geri sjálfur ráð fyrir áhrifum á fjörulífriki.</i> <i>Jafnframt sýna líkanareikningar að styrkur BOD og COD (líffræðilegrar og efnafræðilegrar súrefnisþarfar) gæti orðið hvað hæstur í Viðlagaffjöru. Slíkar breytingar geta haft áhrif á lífríki, m.a. á fjölbreytileika og magn botnþörunga.</i> <i>Án upplýsinga um grunnástand botnþörunga áður en starfsemin hefst verður erfitt að meta hvort og að hve miklu leyti breytingar verða vegna starfseminnar. Sú staðreynd að rannsóknir hafi ekki áður verið framkvæmdar útilokar ekki að slíkt megi framkvæma, líkt og gert var af Marvakt fyrir aðra líffræðilega gæðapætti. Í</i>	Rétt er að ekki var gerð athugun á botnþörungum en samkvæmt vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfis- og orkustofnun er ekki gert ráð fyrir slíkri athugun. Laxey vinnur nú að uppfærslu á vöktunaráætlun og mun bæta við athugun á fjörunni hjá Laxey sumarið 2026 samkvæmt leiðbeiningum Hafrannsóknarstofnunar. Myndataka af frárennsli er gerð eftir vöktunaráætlun og samkvæmt kröfum Umhverfis- og orkustofnunar um að taka skuli myndir af umhverfi við frárennsli stöðvarinnar annan hvorn mánuð. Út frá þessum myndum má meta breytingar á ástandi og þörungagróðri við útrás eldisins. Þessar myndatökur eru þó ekki beinn liður í athugun á fjörunni sem fer fram sumarið 2026, heldur stakur liður í vöktunaráætlun sem gæti þó nýst við mat á ástandi.

	umhverfismatsskýrslunni kemur fram að reglulega verði lagt sjónrænt mat á ástand fjörunnar og teknar ljósmyndir af losunar- og þynningarsvæðinu sem hluti af vöktun vegna starfseminnar. Þetta er samt frekar óljós umfjöllun og ekkert vísað í aðferðir eða með hvaða aðferðum á að meta fjöruna með ljósmyndum. Bent er á að mat á ástandi vatnshlota skal gera með samræmdum aðferðum sem lýst er í leiðbeiningum og með samanburði við útgefin viðmið, ásamt almennum viðmiðunum varðandi eftirlit með vöktun vegna losunar fráveitu í viðtaka.	
11.7	Botndýr Tekin voru botnsýni til greiningar á botndýrasamfélögum á mjúkum botni. Niðurstöðurnar sýndu að flest sýnin féllu í flokkinn „mjög gott“, sem er í samræmi við það sem búast má við á lítt röskuðum eða óröskuðum svæðum. Hins vegar fylgja hvorki upplýsingar um aðferðafræði né tilvísanir í viðurkenndar aðferðir við sýnatöku og úrvinnslu gagna. Líkt og fyrir aðra líffræðilega gæðapætti ber að fylgja þeim leiðbeiningum sem samþykktar hafa verið fyrir vöktun og ástandsmat vatnshlota samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Tekið var fram hvar sýnin voru tekin m.t.t. fjarlægðar frá útrás. Engar upplýsingar koma hins vegar fram um fjölda sýna eða annað umfang rannsóknarinnar. Án upplýsinga um fjölda sýna, sýnatökuhönnun og aðferðafræði er erfitt að meta hvort rannsóknin veiti nægilega traustan grunn fyrir ástandsflokkun og áhrifamat.	Fram kemur í skýrslu DNV að sýni voru tekin með box botngreip sem tekur 1000 cm² af botninum (0,1 m²) sem er töluvert stórt sýni. Ef tvö slík voru tekin á hverri stöð stenst sýnatökustærð staðlana NS 9410 sem og ISO 16665. Hins vegar voru tekin 5 greiparsýni á hvorri stöð svo um 0,5 m² voru teknir af botninum á hverri stöð, sem er mjög stórt sýni. Öll sýni af öllum stöðvum voru greind á faggildri rannsóknarstofnun DNV í Noregi. Staðsetning á sýnatökustöðvum er eftir vöktunaráætlun sem Umhverfis- og orkustofnun hefur samþykkt en tekið er mið af leiðbeiningum Hafrannsóknastofnunar sem og NS 9410 og ISO 16665.
11.8	Næringarefni Gildi fyrir nítrat eru í hærri kantinum (sjá töflu 7 í viðauka D) miðað við útgefin viðmiðunargildi. Sýnin voru tekin í mars sem er seint miðað við viðmiðunaraðstæðurnar, sem eru frá janúar – febrúar. Ástæðan fyrir því er að útgefin viðmiðunargildi eru unnin miðað við sýni sem safnað var að vetri (janúar – febrúar). Vaxtartímabil svíþörunga hefst seinast í apríl og þá byrja þeir að taka upp næringarefni úr sjónum sér til vaxtar. Við það lækkar styrkur næringarefna í sjónum og þá eru líkur til þess að næringarefnasýnin	Forsendur Laxeyjar um losun eru varfærnar en þrátt fyrir varfærnar forsendur gefa líkaniðurstöður til kynna að meðaltöl af styrk fosfats úr öllum mælipunktum séu líkleg til að verð alltaf innan viðmiðs um „Gott ástand“, fyrir alla valkosti. Fyrir nítrat er viðmiðinu alltaf náð fyrir núllkost, nánast alltaf fyrir valkost 2 og stærstan hluta tímans fyrir valkost 1. Framkvæmdaraðili vísar einnig til svara við umsögnum nr. 11.1 og 11.4.

	sem safnað er eftir að sól byrjar að hækka að vori séu of lág miðað við viðmiðunargildin. Eins og fram kemur í viðauka C metur framkvæmdaraðilinn það svo, að fyrirbyggjandi mælingar séu ekki nægjanlegar til að ákvarða áreiðanlegan viðmiðunarstyrk næringarefna. Hafrannsóknastofnun tekur undir það mat, meðal annars vegna þess að sýnin sem liggja til grundvallar voru tekin of seint miðað við þær leiðbeiningar sem fylgja skal við mat á vetrarstyrk næringarefna. Því skortir mikilvægar grunnupplýsingar um ástand vatnshlotsins áður en fyrirhuguð stækkun eldisins kemur til framkvæmda. Jafnframt þarf að tryggja að fjöldi sýna og sýnatökustöðva sé nægjanlegur til að unnt sé að greina á milli náttúrulegs styrks næringarefna og eðlilegs breytileika þeirra annars vegar og breytinga sem kunna að stafa af áhrifum eldisstarfseminnar hins vegar. Hafa þarf í huga að um mikla stækkun er að ræða eða um 120.000 pe (persónueiningar), sem er um fjórfalt meiri en fráveitan í heild frá Vestmannaeyjabænum, sem nemur um allt að 31.446 pe. Þetta undirstrikar umfang losunarinnar í samanburði við aðra starfsemi á svæðinu. Að mati framkvæmdaraðila er ekki talið líklegt að áhrifin verði til þess fallin að vatnshlotið falli um flokk og því muni ástandi vatnshlotsins haldast „gott“. Hafrannsóknastofnun getur ekki lagt mat á það út frá fyrirbyggjandi gögnum hvort framkvæmdaraðili hafi rétt fyrir sér eða ekki um þetta.	
11.9	Samantekt Hafrannsóknastofnun telur að umhverfismatsskýrslan veiti ágæta yfirsýn yfir fyrirhugaða stækkun landeldis Laxeyjar ehf. og möguleg áhrif hennar á umhverfið. Stofnunin telur þó að óvissa sé enn til staðar um nokkra mikilvæga þætti. Þar ber helst að nefna dreifingu og áhrif næringarefna, áhrif á fjörulífriki og aðra vistfræðilega gæðaðætti vatnshlotsins, áreiðanleika líkanaspáa um dreifingu efna, sem og meðhöndlun og framtíðarnýtingu fiskiseyru. Jafnframt þarf að hafa í huga að um er	Vísað er til svara við umsögnum nr. 11.1-11.8 við þessum hluta umsagnar.

	<i>að ræða mjög umfangsmikla starfsemi í íslensku samhengi og takmörkuð reynsla er af landeldi af þessari stærðargráðu hér á landi. Að mati Hafrannsóknastofnunar er því sérstaklega mikilvægt að vöktun starfseminnar verði markviss og byggð á viðurkenndum aðferðum þannig að unnt verði að fylgjast með áhrifum hennar á viðtakann, vatnshlotið og vistfræðilega gæðapætti til lengri tíma.</i>	
12	Umhverfis- og orkustofnun, dags. 19.6.26	
12.1	„Áhrifamat fyrir vatn <i>Lagt hefur verið fram mat á áhrifum fráveitu á grunnvatn, mat á dreifingu frárennslisefna í viðtaka, mat á áhrifum aukinnar vatnstöku á grunnvatn og gera áhrifamat fyrir strandsjávarvatnshlotið.</i> <i>Í greinargerð um mat á áhrifum fráveitu á grunnvatnshlot (Eldfell (103-242-G), Heimaklettur (103-244-G) og Stórhöfði (103-243-G)) kemur fram að niðurstöður líkanreikninga gefi til kynna að losun í grunnvatn í tengslum við fyrirhugaða vinnsluaukningu Laxeyjar muni ekki hafa þau áhrif að umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna náist ekki. Líkanreikningarnir benda til þess að áhrifa fráveitu muni einungis gæta í grunnvatnshlotinu Eldfell (103-242-G) en ekki í hinum tveimur. Þá benda líkanreikningar til þess að ólíklegt sé að dreifing mengunar frá fráveitu nái yfir umtalsverðan hluta af yfirborðsflatarmáli grunnvatnshlotsins.</i> <i>Í greinargerð er fjallað um mat á áhrifum frárennslisefna í strandsjávarhlotið Dyrhólaey að Þorlákshöfn (103-1342-C). Þar er greint frá niðurstöðum líkanreikninga á dreifingu næringarefna, styrk þeirra og súrefnisbúskap. Í greinargerðinni kemur fram að losun frá starfseminni er ólíkleg til að hafa áhrif á vistfræðilegt ástand strandsjávarhlotsins með hliðsjón af vatnsformfræðilegum gæðapáttum og eðlis- og efnafræðilegum gæðapáttum. Jafnframt kemur fram að um varfærið mat sé að ræða. Í greinargerðinni kemur fram að mælingar á nitrati og fosfati hafi verið gerðar í 100 m, 200</i>	Þeir útreikningar sem unnir hafa verið í tengslum við áhrif framkvæmdar á viðtaka gefa góða mynd af mögulegum áhrifum framkvæmdar á viðtaka. Samhliða framkvæmdum og aukinni vinnslu mun vöktun fara fram og telur framkvæmdaraðili þau gögn sem þegar liggja fyrir komi til með að nýtast til þess að fylgjast með mögulegum neikvæðum áhrifum og bregðast við ef þörf er á. Frekari gagnaöflun og sýnataka mun því fara fram samhliða framkvæmdum. Umhverfis- og orkustofnun bendir réttilega á mikilvægi þess að líkanreikningar og áhrifamat byggist á traustum og mældum gögnum, sérstaklega þegar um er að ræða umfangsmikla starfsemi. Í gögnum Vatnaskila er gerð grein fyrir því að mæligögn frá 6. mars 2025 teljist ekki nægilega áreiðanleg sem grunnur fyrir líkanreikninga þar sem takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um sýnatöku, meðhöndlun sýna og aðstæður á þeim tíma. Einnig ber að hafa í huga að framleiðsla Laxeyjar var þá enn á frumstigi, sem dregur úr notagildi mælinganna sem bakgrunnsgilda fyrir fullbyggða starfsemi. Af þessum sökum var farin sú leið að nota staðlað viðmiðunargildi fyrir ástand strandsjávarhlota sem bakgrunnsgildi í líkanreikningum. Sú nálgun var valin til að tryggja varfærnislegt mat þar sem gengið er út frá að viðkvæmni viðtaka sé ekki vanmetin. Einnig skal bent á að forsendur um losun í greiningu Vatnaskila eru varfærnar að því leiti að gert er ráð fyrir mjög hárrí dagfóðrun sem er langt umfram það sem þarf að ná til að standa undir ársframleiðslunni

	<i>m, 500 m og 900 m fjarlægð frá strönd þann 6. mars 2026. Í 100 m fjarlægð frá strönd mældist styrkur nítrats 19,4 $\mu\text{mól/L}$ en 20,2 $\mu\text{mól/L}$ í 500 m fjarlægð. Til samanburðar telst ástand strandsjávar ekki viðunandi ef styrkur nítrats fer yfir 19,6 $\mu\text{mól/L}$ að vetrarlagi.</i> <i>Fjallað er um það í greinargerðinni að ekki liggi fyrir upplýsingar um meðhöndlun sýnanna sem safnað var þann 6. mars 2025 og bent á þegar sýnunum var safnað var framleiðsla Laxeyjar stutt á veg komin. Dregin er sú ályktun að ekki séu nægar forsendur fyrir notkun þeirra mældu gilda sem aflað hefur verið og því eru viðmiðunargildi fyrir ástand strandsjávarhlota notuð sem bakgrunnsgildi í líkanreikningum.</i> <i>Umhverfis- og orkustofnun bendir á mikilvægi þess að líkanreikningar og mat á áhrifum umfangsmikillar starfsemi byggist á mældum gildum. Ef mæld gildi eru af einhverjum ástæðum talin ótrúverðug ætti það að vera hvati til að endurtaka mælingar til að tryggja að líkanreikningar og mat á áhrifum byggji á bestu fáanlegu gögnum og upplýsingum.“</i>	sem sótt er um fyrir. Einnig eru forsendur um ástandi næringarefna og ástands sjávar í útrás mjög varfærnar, sérstaklega forsenda um 50% súrefnismettun þegar súrefnisstyrkur í eldisvatni er um 90%. Þrátt fyrir þessar mjög varfærnu forsendur nást fram viðunandi sviðsmyndir við fulla framleiðslu og telur framkvæmdaraðili eðlilegt að fylgjast með svæðinu með vöktun til að sannreyna niðurstöður skýrslunnar. Tekið er undir með Umhverfis- og orkustofnun að þegar óvissa ríkir um gæði mæligagna sé eðlilegt að leggja áherslu á frekari gagnaöflun. Í ljósi þess verður brugðist við með eftirfarandi hætti: • Endurteknar grunnmælingar: mælingar á næringarefnum (þ.m.t. nítrati og fosfati) í strandsjó á mismunandi árstímum til að ná fram árstíðasveiflu og breytileika í bakgrunnsgildum. • Staðlað verklag: tryggt að sýnataka, varðveisla og greining fari fram samkvæmt viðurkenndum stöðlum, þannig að niðurstöður verði samanburðarhæfar og áreiðanlegar. • Stækkun gagnagrunns: mælt á fleiri mælipunktum og í mismunandi fjarlægðum frá landi til að bæta skilning á dreifingu efna í viðtaka. • Eftirlit í rekstri: vöktunaráætlun sem tryggir reglubundnar mælingar eftir að starfsemi er komin í fullan rekstur þannig að sannreyna megni niðurstöður líkana og bregðast við ef þörf krefur.
12.2	„Grunnvatn <i>Bent er á að niðurstöður grunnvatnslíkanreikninga eru ekki studdar með samanburði við mælingar og ekki eru upplýsingar um kvörðun líkansins í greinargerð um mat á áhrifum aukinnar vatnstöku. Þetta er mikilvægur þáttur við mat á áreiðanleika þess. Þá eru ekki lagðar fram upplýsingar um ýmsar forsendur líkanreikninganna.</i> <i>Í kafla 2.2. í skýrslu um niðurstöður grunnvatnslíkanreikninga kemur fram að tiltæk gögn bendi til þess að tiltölulega þunnt blandlag af</i>	Rétt er að í fyrirbyggjandi greinargerð eru takmarkaðar upplýsingar um kvörðun líkansins og samanburð við mæligögn. Ástæðan er fyrst og fremst skortur á ítarlegum langtímagögnum um vatnsborð og seltu í grunnvatni á Heimaey, eins og kemur fram í skýrslunni. Þrátt fyrir óvissu um núverandi ástand gefa líkanareikningar vísbendingar um áhrif aukinnar vatnsnýtingar með samanburði sviðsmynda. Niðurstöður benda til þess að breytingar á vatnsborði og seltu verði takmarkaðar og staðbundnar.

	ísöltu vatni liggi ofan á jarðsjó sem þrýstist inn undir Heimaey. Þá segir í kafla 4.2 að „Vegna almenns skorts á seltumælingum á Heimaey og óvissu í prófilmælingum í Viðlagafjöru er töluverð óvissa um seltu grunnvatns við núverandi ástand í Viðlagafjöru og víðar á Heimaey.“ Úr því að staðan er óviss við núverandi ástand og ekki kemur fram hvernig grunnvatnslíkanið nær að herma núverandi ástand er óljóst hversu vel líkanið nær að spá fyrir um verulega aukna vatnsnýtingu. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að gerð sé grein fyrir því hvernig vöktun á áhrifum nýtingar Laxeyjar hf. á grunnvatn, svo sem áhrif á vatnsborð og seltu sé háttað og hver mæld áhrif núverandi nýtingar hafa verið. Í kafla 6.3.1 segir: „Áhrif af vinnsluaukningu Laxeyjar munu ekki hafa fyrirséð markverð afleiðd áhrif á aðra vatnsvinnslu eða vatnafar á Heimaey. Niðurstöður gefa til kynna að vinnsluaukning Laxeyjar hafi ekki áhrif á umhverfismarkmið grunnvatnshlotanna með hliðsjón af magnstöðu náí fyrirhugað vinnslufyrirkomulag fram að ganga“. Eins og áður hefur verið bent á kemur ekki fram í þeim gögnum sem eru aðgengileg Umhverfis- og orkustofnun hvernig grunnvatnslíkanið sem lagt er til grundvallar þessari niðurstöðu nær að herma núverandi ástand. Ekki kemur fram í þeim sömu gögnum hvar eða hvernig er fylgst með áhrifum núverandi nýtingar. Í ljósi þeirra gagna sem eru aðgengileg virðist fullyrðingin um að vinnsluaukning Laxeyjar hafi ekki áhrif vera byggð á fremur veikum grunni. Þá er bent á að misskilnings virðist gæta í notkun orðsins „umhverfismarkmið“. Mikilvægt er að rugla ekki saman hugtökunum „umhverfismarkmið“ og „ástand“.	Áhersla er lögð á að niðurstöður séu túlkaðar sem mat á líklegri þróun fremur en nákvæm spá. Frekari mælingar og vöktun munu nýtast til að draga úr óvissu. Fyrirliggjandi gögn um áhrif núverandi nýtingar benda ekki til umtalsverðra breytinga á vatnsborði eða seltu, en gagnagrunnur er enn takmarkaður og verður styrktur með markvissri vöktun. Framkvæmdaraðili starfrækir nú þegar vöktunarholur á svæðinu og má þar gera bæði seltumælingar auk síritunar á niðurdrætti á svæðinu og mældu flæði - þessi gögn má leggja til grundvallar bættum skilningi á jarðsjávarlíkani Viðlagafjöru og hvort einhver áhrif mælist á öðrum stöðum á Heimaey. Það er engin nýting á fersku vatni úr jörðu í Vestmannaeyjum þrátt fyrir mikla leit á árum áður. Nýting á jarðsjó í Vestmannaeyjum hjá öðrum aðilum er bundin við varmaskipti og til nota í fiskvinnslu þar sem vatn er sótt niður fyrir ísalta lagið við yfirborðið. Af þessum ástæðum telst líklegt að vinnslan verði skaðlaus.
12.3	„Mótvægisáðgerðir þar sem fjallað er um mótvægisáðgerðir og vöktun (töflu 6.2) á annars vegar grunnvatni (kafla 5.1.5) og hins vegar viðtaka og lífríki	Líkt og fram kemur í umhverfismatsskýrslu, þá verður áhersla lögð á að vakta möguleg áhrif framkvæmdar á umhverfispættina. Þá bendir framkvæmdaraðili jafnframt á að líkt og fram kemur í þeim hluta

	<i>viðtaka (kafla 5.2.5) er aðallega fjallað um atriði tengd vöktun. Stofnunin bendir á að setja þarf fram með skýrum hætti þær mótvægisáðgerðir sem til greina kemur að framkvæma og sem eiga að koma í veg fyrir, draga úr eða bæta neikvæð umhverfisáhrif framkvæmdanna. Tiltaka skal þær mótvægisáðgerðir sem til stendur að fara í á framkvæmdatíma, við frágang framkvæmda og á rekstraratíma.“</i>	umsagnar UOS sem snýr að leyfisveitingum (svarliður 12.5) að þá er aukin vatnstaka og stækkun stöðvarinnar háð niðurstöðum vöktunar. Í því samhengi er ljóst að sýni vöktun fram á að vinnsla stöðvarinnar hafi í för með sér neikvæð áhrif á umhverfisþættina verði ekki veitt leyfi fyrir frekari aukningu án þess að gripið sé til viðunnandi áðgerða. Framkvæmdaraðili telur mikilvægt að unnið sé að markvissum mótvægisáðgerðum í samráði við Umhverfis- og orkustofnun ef vöktun sýnir fram á að áhrif framkvæmdar á umhverfisþættina eru neikvæð.
12.4	„Hreinsun fráveituvatns og úrgangur <i>Fram kemur að: „Reiknað er með að um 2-4 % af eldisfiski muni drepast á eldistímanum og verður hann fjarlægður úr kerjum. Við fulla framleiðslu á laxi (um 42.000 tonn) má reikna með að dauður fiskur verði á bilinu 300-350 tonn/ári“. Stofnunin bendir á að ef miðað er við fulla framleiðslu væri það 840-1680 tonn/ári af eldisfiski sem muni drepast.</i> <i>Fram kemur að það verði um 75% hreinsun fastefnis úr fráveituvatni frá eldiskerjum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að nú þegar hefur landeldisfyrirtækjum hér á landi, þ.á m. Laxey hf., reynst erfitt að finna farveg fyrir þann úrgang sem krafist er að fyrirtækin sía úr frárennsli áður en því er veitt í viðtaka, þ.e. fiskiseyruna.</i> <i>Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að gert sé ráð fyrir þurrkun fiskiseyrunnar sem fyrsta valkosti. Þar sem lítil reynsla er fyrir hendi hér á landi varðandi nýtingu á fiskeldisseyru er reiknað með að aðrir valkostir geti reynst nauðsynlegir að grípa til ef tæknileg vandamál koma upp í þurrkuninni, s.s. brennslu efnisins eða lífkolun.</i> <i>Stofnunin telur mikilvægt að fram komi hvaða fyrirkomulag varðandi meðhöndlun úrgangsins rekstraraðili telji raunhæft að notast við</i>	Varðandi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að hlutfalli af eldisfiski sem mun drepast þá eru afföll hlutfallslega mest hjá fiski undir 1 kg, en ekki hjá fiski í sláturstærð. Vegna þessa er áætlað magn af dauðum fiski 300-350 tonn/ári en ekki 840-1.680 tonn/ári. Varðandi þann hluta sem snýr að umræddu fráviki, þá bendir framkvæmdaraðili á að nýting á seyru í framleiðslu lífræns áburðar er nýtt og krefjandi verkefni. Framkvæmdaraðili er þegar þetta er ritað að keyra upp þurrkunina og hefja framleiðsluna. Athugasemd sem gerð var í eftirliti er tekin alvarlega. Verklag verður skilgreint og tryggt að hreinsibúnaður sé rekinn sem óaðskiljanlegur hluti af starfseminni, þannig að slíkt endurtaki sig ekki. Til að byrja með hefur verið leitað til samstarfs við Land og Skóg og bænda í Landeyjum en einnig eru viðræður í gangi við áhugasama aðilar erlendis um nýtingu áburðarins. Áburðurinn er 90% þurrefni framleiddur með þurrkun í nýrri gerð þurrkara afhentum af innlendum samstarfsaðila - verkefnið hefur mikið nýnæmi og ef til tekst með innlenda nýtingu getur veruleg hagræðing orðið í kostnaði fyrir bændur innanlands af verkefninu. Áætlun um meðhöndlun úrgangs mun vera meðal gagna sem skilað verður til stofnunarinnar þegar sótt verður um viðeigandi leyfi fyrir framleiðsluaukningu. Framkvæmdaraðili hefur í samskiptum sínum við stjórnvöld bent á að regluverki varðandi seyru og mögulega nýtingu

<i>strax, þ.e. þangað til hægt er að fara þær leiðir sem nefndar eru í skýrslunni.</i> <i>Þá bendir stofnunin á að í síðasta eftirliti stofnunarinnar hjá Laxey hf. var skráð eftirfarandi frávik: „Rekstraraðili skal tryggja viðunandi hreinsun frárennslisvatns með tromlusíu eða öðrum sambærilegum eða betri búnaði sem hreinsar frárennslid áður en því er veitt í viðtaka. Frárennslinu er veitt óhreinsuðu í viðtaka.“</i> <i>Umhverfis- og orkustofnun setur skilyrði í starfsleyfi þess efnis að áætlun rekstraraðila um meðhöndlun úrgangs skuli liggja fyrir. Rekstraraðili þarf því að útbúa áætlun um meðhöndlun úrgangs þar sem fjallað er um þann farveg sem allur úrgangur sem myndast í starfseminni verður settur í til að tryggja rétta úrgangsmeðhöndlun.</i> <i>Stofnunin bendir á að ekki er heimil losun frárennslis frá fiskeldinu án hreinsunar og því nauðsynlegt að hafa farveg fyrir meðhöndlun úrgangsins. Meginforsenda þess að hægt sé að fara í aukna framleiðslu líkt og fjallað er um í umhverfismatsskýrslunni er sú að það finnist farvegur fyrir meðhöndlun fiskiseyrunnar.</i> <i>Vitnað í leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um minni fráveitur frá árinu 2022. Stofnunin bendir á að þær hafa verið uppfærðar og heita nú Leiðbeiningar um litlar fráveitur.</i> <i>Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að: „Ætla má að þörf sé á u.þ.b. 1,6 – 2,2 m lögn að þvermáli til að anna vatnsmagni stöðvarinnar en stærð lagnarinnar fer eftir halla hennar“.</i> <i>Í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólphreinsun vekur Umhverfis- og orkustofnun athygli á því að skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá</i>	hennar sé verulega ábótavant. Framkvæmdaraðili telur eðlilegt að áður en gerð er krafa um nýtingu seyru sé skýrt með hvaða hætti má nýta hana. Varðandi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að því að leiða skuli frárennslid í það minnsta 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum, þá er afar brimasamt á þessum stað og ekki mögulegt að leggja lagnir í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólpi. Sótt hefur verið um undanþágur fyrir núverandi rekstri og hyggst framkvæmdaraðili gera slíkt hið sama fyrir fráveitulagnir í tengslum við áformaða stækkun. Framkvæmdaraðili hyggst ekki leggja sæstrengi eða neðansjávarleiðslur og telur því ekki þörf á samþykki stofnunarinnar skv. 2.mgr. 9. gr. laga nr 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
---	---

	meðalstórstraumsfjörumörkum þar sem það er hægt. Óheimilt er að leiða skólp þannig að frárennslisop opnist til hafna. Reynist ómögulegt vegna landfræðilegra aðstæðna að uppfylla kröfurnar er heimilt að leggja til aðrar lausnir sem Umhverfis- og orkustofnun metur fullnægjandi. Áður en stofnunin tekur ákvörðun skal hún leita umsagnar hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd. Umhverfis- og orkustofnun bendir jafnframt á að lagning sæstrengja og neðansjávarleiðslna er háð samþykki stofnunarinnar skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Hafa ber í huga að gera þarf ráð fyrir lögnum í uppfærðu skipulagi.“																						
12.5	„Leyfisveitingar Í gildi er nýtingarleyfi Umhverfis- og orkustofnunar til töku grunnvatns á tilgreindu svæði við Viðlagafjöru í Heimaey, til handa Laxey hf., Strandvegi 104, Vestmannaeyjum. <table> <tr> <th>Lýsing</th><th>Meðalnýting á ári allt að (l/s)</th><th>Hámarksnýting á hverjum tíma (l/s)</th></tr> <tr> <td><i>Efri leiðari (15-28 ‰)</i></td><td></td><td></td></tr> <tr> <td>1. áfangi</td><td>2.000</td><td>2.250</td></tr> <tr> <td>2. áfangi</td><td>3.710</td><td>5.300</td></tr> <tr> <td><i>Neðri leiðari (30-35 ‰)</i></td><td></td><td></td></tr> <tr> <td>1. áfangi</td><td>2.000</td><td>2.250</td></tr> <tr> <td>2. áfangi</td><td>3.710</td><td>5.300</td></tr> </table> Nýtingarleyfið er háð skilyrðum m.a. því að aukin vatnsnotkun, umfram mörk I. áfanga, sé háð skriflegu samþykki Umhverfis- og orkustofnunar og er samþykkið háð því að leyfishafi skili til Umhverfis- og orkustofnunar greinargerð um niðurstöður vöktunar á viðbrögðum grunnvatnsgeymis við nýtingu þar sem sýnt er fram á að grunnvatnsgeymir þoli aukna vinnslu. Gögn sem þurfa að fylgja með umsókn um aukna vatnsnýtingu eru m.a. uppfært rennslislíkan og uppfært áhrifamat vatnshlota.	Lýsing	Meðalnýting á ári allt að (l/s)	Hámarksnýting á hverjum tíma (l/s)	<i>Efri leiðari (15-28 ‰)</i>			1. áfangi	2.000	2.250	2. áfangi	3.710	5.300	<i>Neðri leiðari (30-35 ‰)</i>			1. áfangi	2.000	2.250	2. áfangi	3.710	5.300	Varðandi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að nýtingarleyfi, þá mun framkvæmdaraðili eiga samráð við Umhverfis- og orkustofnun þegar sótt verður um leyfi fyrir aukinni nýtingu á grunnvatnsauðlindinni og gæta þess að með umsókn fylgi viðeigandi gögn, þar á meðal niðurstöður vöktunar, uppfært rennslislíkan og uppfært áhrifamat vatnshlota. Varðandi þann hluta umsagnarinnar sem snýr að breytingu á starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar, þá mun framkvæmdaraðili sækja um slíka breytingu áður en vinnsla stöðvarinnar fer umfram það magn sem leyfi gefur til kynna. Þá telur framkvæmdaraðili jafnframt að það mat á umhverfisáhrifum sem nú hefur verið unnið í tengslum við áformaðar breytingar uppfylli ákvæði í lögum um nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Þá þakkar framkvæmdaraðili fyrir ábendingar stofnunarinnar um viðeigandi leyfi sem sótt er um til UOS, breytingar í kjölfar nýrrar reglugerðar um fráveitur og skólp og að þörf sé á starfsleyfi stofnunarinnar fyrir virkjanir og orkuveitur yfir 1 MW.
Lýsing	Meðalnýting á ári allt að (l/s)	Hámarksnýting á hverjum tíma (l/s)																					
<i>Efri leiðari (15-28 ‰)</i>																							
1. áfangi	2.000	2.250																					
2. áfangi	3.710	5.300																					
<i>Neðri leiðari (30-35 ‰)</i>																							
1. áfangi	2.000	2.250																					
2. áfangi	3.710	5.300																					

Umhverfis- og orkustofnun telur að, þar til frekari vöktunargögn liggja fyrir um áhrif af nýtingu Laxeyjar hf. á grunnvatn sem þegar hefur fengist leyfi fyrir, þá sé óljóst hvort forsendur séu fyrir frekari grunnvatnsnýtingu félagsins á svæðinu. Samkvæmt 17. gr. auðlindalaga nr. 57/1998 þarf nýting að vera með þeim hætti að að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða, nýting auðlindanna sé hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og tekið sé tillit til nýtingar sem þegar er hafin í næsta nágrenni.

Einnig er í gildi starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnunar sem tekur til landeldis á laxfiskum í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum með allt að 7.000 tonna lífmassa á hverjum tíma. Stofnunin bendir á að ef breyting verður á umfangi starfseminnar þarf að sækja um breytingu á starfsleyfi til stofnunarinnar. Jafnframt bendir stofnunin á að breyting á starfsleyfi þarf að vera í samræmi við matsskylduákvörðun eða álit um umhverfismat framkvæmdar, eftir því sem við á, sbr. lög nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Þar sem stofnunin veitir starfsleyfi fyrir fiskeldi starfseminnar á grundvelli II. viðauka laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir veitir stofnunin jafnframt leyfi fyrir meðhöndlun seyru, þ.m.t. flutningur, notkun og hreinsun á grundvelli 67. tl. IV. viðauka laganna.

Á bls. 43 í umhverfismatsskýrslunni er vitnað í reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 en hún var brottfelld með reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun. Með setningu reglugerðarinnar varð sú breyting að ef starfsemi er starfsleyfis skyld hjá Umhverfisog orkustofnun veitir stofnunin jafnframt leyfi fyrir fráveitu- og hreinsibúnaði.

	Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að varaafsstöðvar verða samtals tíu á svæðinu og þjóna þær straumbörf stöðvarinnar við straumleysi frá dreifikerfi Landsnets. Áætluð heildar aflþörf er um 30 MW. Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að stofnunin veitir nú starfsleyfi fyrir virkjanir og orkuveitur yfir 1 MW.“	
12.6	„Borholur og vatnsmiðlun, vatnsnýting Fram kemur í umhverfismatsskýrslunni að reiknað sé með að þörf sé á 74 borholum til að anna vatnspörf eldisins. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að fylgja skal reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna, sem og skil á upplýsingum til Umhverfis- og orkustofnunar, nr. OS-2019-R01-01.4 Í gr. 3.6 Vatnstaka, vatnskerfi og vatnsnýting kemur fram að áætluð þörf jarðsjávar, miðað við fulla vinnslu, sé um 28.000 l/sek (28 m³/sek) og að gert sé ráð fyrir um 70-75% endurnýtingu vatns. Jafnframt kemur fram að ferskvatn verði framleitt með því að breyta jarðsjó í ferskvatn, allt að 4.000 m³/dag. Í töflu 1.3. í umhverfismatsskýrslunni kemur hins vegar fram: „Við frekari skoðun telur framkvæmdaraðili ekki raunhæft að bera saman mismunandi tækni m.t.t. endurnýtingar á sjó“. Af framsetningu skýrslunnar er ekki fyllilega ljóst hvort að til standi að endurnýta sjó að hluta eða hvort að fallið hafi verið frá þeim áformum. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að í umhverfismatsskýrslunni kemur einnig fram að áætluð heildarvatnspörf sé 28,0 m³/sek og að hámarks sjóvatnstaka verði 28 m³/sek miðað við 42.000 tonna ársframleiðslu. Stofnunin telur ekki nægilega skýrt hvernig þessi áætlaða sjóvatnstaka samræmist því að 70–75 % eldisvatns verði endurnýtt. Að mati Umhverfis- og orkustofnunar þarf að skýra betur hvernig fyrirhuguð endurnýting eldisvatns samræmist áætlaðri sjóvatnstöku.“	Framkvæmdaraðili mun fylgja reglum um skráningu, hönnun og frágang borholna. Í kafla 3.6 er gerð grein fyrir heildarvatnspörf, þar sem fram kemur að áætlað heildarrensli innan kerfisins við fulla framleiðslu sé um 28.000 l/sek (28 m³/sek). Sú stærð lýsir heildarflæði í eldiskerfinu, þ.e. bæði endurnýttu og nýju jarðsjóvatni sem tekið er inn. Jafnframt er gert ráð fyrir að 70–75% eldisvatns verði endurnýtt innan kerfisins. Með því er átt við að vatn fari í gegnum meðhöndlun (t.d. síun, afgösun og súrefnisbætingu) og sé síðan leitt aftur inn í eldisferlið. Þessi fyrirhugaða endurnýting hefur ekki verið felld niður, heldur er hún áfram grundvallarþáttur í hönnun og rekstri kerfisins. Athugasemd í töflu 1.3, þar sem fram kemur að ekki sé talið raunhæft að bera saman mismunandi tækni m.t.t. endurnýtingar, á ekki við um það hvort endurnýting verði nýtt eða ekki. Niðurstaða framkvæmdaraðila var að valkostagreiningin væri óraunhæf þar sem eini raunhæfi valmöguleikinn fyrir staðsetninguna væri sú tækni sem var valin í upphafi sem er um 70% endurnýting. Ekki hefur verið fallið frá þeim áformum. Reiknað er með að hver tankur geti nota um 450 l/sek af nýjum sjó í 48 áframeldistönkum við fulla framleiðslu en til viðbótar er sjónotkun bygginga fyrir stórseiði, ferskvatnsframleiðslu og sláturfisk. Talan lýsir efri mörkum á þeirri notkun sem má reikna með í framleiðslunni en oft má komast af með minni notkun skv. reynslu fyrirtækisins. Mikill meirihluti vatnsins er endurnýttur með síum sem hreinsa vatnið með 40-60µ síudúk auk loftunar til að lækka koltvísýring í eldisvatni. Fyrir hvern tank er afkastageta um 1200 l/sek í endurnýtingarkerfinu. Einhver

		breytileiki er í almennum rekstri hvernig rennsli eru stillt á nýjum sjó eða endurnýtingu en nauðsynlegt er að nýta nýjan sjó til þynningar á ammóníaki sem fiskurinn seytir frá sér við vöxt og viðgang. Súrefnisbæting á sér stað jafnt í nýjum sjó og endurnýtingu en reynt er að viðhalda um 90% súrefnismettun í eldisvatni.
--	--	---